

ALDA BJÖRK VALDIMARSDÓTTIR

„Hver vill verða hrein mey aftur?“

Kynfrelsi og klámvæðing í pósthfemínískri umræðu

Um miðjan níunda áratuginn fór hugtakið pósthfemínismi sífellt að verða fyrirferðarmeira í umræðunni en það var tengt alls kyns hópum ungra kvenna sem úthúðuðu kvannahreyfingunni.¹ Pósthfemínismi er yfirleitt talinn tilheyrja þriðju bylgju femínismans og er líklega fyrirferðarmesta stefna bylgjunnar. Það er X kynslóðin sem mótar þriðju bylgjuna, konur fæddar í kringum 1960 og 1970 og oft talað um að upphafskona hans sé Rebecca Walker sem sagðist jafnframt ekki vilja skilgreina sig sem pósthfemínista. Undir þriðju bylgjuna fellur femínismi sem tekur á kynþætti, stétt og kyngervi, hann lítur kynlíf jákvæðum augum, skoðar meðal annars umhverfismál og berst fyrir réttindum transfólks. Þriðja bylgjan er hér notuð sem samheiti yfir þær stefnur og strauma sem voru í gangi á þessu tímabili í femínisma en undir hana falla þá ýmsar bylgjur eins og pósthfemínismi, nýfemínismi og fleira sem rætt verður um hér að neðan.

Pósthfemínisminn er eitt umdeildasta hugtak femínískra fjölmiðla- og menningarfræða. Stefnan er að einhverju leyti pólitísk og tekur á kynbundinni mismunun í anda femínisma. Þar má einnig finna mikinn húmor og íróniú sem geta verið afbyggjandi en merkja um leið að sem femínísk aðferð taki hún sig ekki of hátiðlega. Að auki hefur pósthfemínisminn verið gagnrýndur sem femínískt bakslag, þar sem íhaldssöm og hefðbundin gildi um konuna verða áberandi, auk þess sem hann einblíni um of á hvítar, gagnkynhneigðar konur á þrítugs- og fertugsaldri.

Sumir segja að pósthfemínismi hafi enga ákveðna merkingu, heldur

¹ Ég vil þakka ritstjórum *Ritsins* og nafnlausum ritrýnum fyrir gagnlegar athugasemdir.



sé um að ræða mótsagnakennda orðræðu sem aðallega megi finna innan neyslumeningar og dægurmeningar. Pósthfémínismi einkennist ekki af aktívisma eða stofnanabundnum stjórnmálum (e. *institutionalization of politics/activism*) heldur af leik, neyslu, húmor, tísku, einstaklingshyggju, pósthmóðernisma og afþreyingarmeningu. Hann rís upp úr nýfrjálshyggju Reagan- og Thatcher-áranna og má helst sjá í dægurmeningunni og er einkennandi fyrir bandaríska sjónvarpsþætti eins og *Sex and the City* (1998–2004), *Ally McBeal* (1997–2002) og *Desperate Housewives* (2004–2012) ekki síður en skvísusögur á borð við *Dagbók Bridget Jones* eftir Helen Fielding og Kaupalkabækur Sophie Kinsellu.²

Sara M. Evans lýsir því í grein sinni „Generations Later, Retelling the Story“ hvernig fémínískir fræðimenn frá níunda og tíunda áratugnum hafi fremur hneigst að teoríu en aktívisma en þær hafi fyrst og fremst glímt við fræðilegar spurningar sem snerust um „kyngevri, kynþátt og stétt.“ Þessir höfundar hafi stimplað bylgju fémínista frá áttunda áratugnum sem „hvíta, miðstéttarlega, sjálfhverfa og andfémíníska.“ Ungar konur vildu ekkert hafa að gera með þessa fémínista sem þær töldu vera „reiðar/ljótar/háværar/lesbíur eða (á mótsagnakenndan hátt) eikynhneigðar“. Þær hafi lýst því yfir að þær væru þriðja bylgjan og að fémínisminn stæði nú á „krossgötum“ (e. *intersectionality*) því að þær ætluðu sér að kljúfa sig algjörlega frá fyrri fémínískum viðhorfum. Evans segir þriðju bylgju fémínistana hafa búið til heitið önnur bylgjan og leggur áherslu á að margir fémínistanna sem tilheyri þriðju bylgjunni hafi ekki séð hversu flókin og margbrotin hreyfingin var á áttunda og níunda áratugnum. Ekki sé til dæmis horft til þess hvernig önnur bylgjan hafi tekist á við hlutskipti minnihlutahópa, fátækt og viðhorf þeirra til kynvitundar. Jafnframt sé það mögulega vandamál að skilgreina fémínískar hreyfingar með hliðsjón af bylgjum þar sem ein útiloki hinar, þar sem fémínistar hafi sameiginlegt markmið, sem er að bæta hag kvenna.³

² Sjá Alda Björk Valdimarsdóttir, *Jane Austen og ferð lesandans. Skáldkonan í þremur kvennagreinum samtímans*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2018, bls. 135–144. Sjá einnig grein Öldu Bjarkar „Ég er ekki þunn. Tobba Marinós, kvenfrelsisumræðan og íslensk skvísumenning“, *Fléttur III–Jafnrétti, menning, samfélag*, Reykjavík: Ríkk og Háskólaútgáfan, 2014, bls. 135–158, hér bls. 137.

³ Sara M. Evans, „Generations Later, Retelling the Story“, *The Legacy of Second-Wave Feminism in American Politics*, ritstjórar Angie Maxwell og Todd Shields, Cham: Palgrave MacMillan, bls. 21–40, hér bls. 21–24. Hér má nefna að ritstjórar bókarinnar sem Evans birtir grein sína í taka undir það sjónarmið sem hún andmælir að önnur bylgjan hafi ekki lagt nægilega mikla áherslu á minnihlutahópa og ræða það í inngangi sínum að greinasafninu. Allar raddir hafi alls ekki verið jafngildar í

Áhugavert er einnig að Evans skilgreinir femínista frá annarri bylgjunni sem aktívista en kallar þá „bóklega“ (e. *literary*) sem tilheyra þriðju bylgjunni. Í greiningu Evans sést skýrt kynslóðarrof þar sem dætur finna sig ekki í femínískum viðhorfum kynslóðarinnar á undan og hvor hópurinn hafnar hinum. Einnig má nefna að sá pólitíski aktívismi sem Evans segir skorta í þriðju bylgjunni hefur nú birst með skýrum hætti í samtímanum í formi metoo-bylgjunnar. Mögulega er slíkur aktívismi að einhverju leyti svar dætra þriðju bylgjunnar við þeim femínískum viðhorfum sem hafa verið viðloðandi frá tíunda áratugnum og um leið höfnun á því gildismati póstfemínista að fagna konunni sem kynveru og neytanda fremur en að berjast gegn kynferðisofbeldi og skoða konur sem þolendur.

Hér á eftir verða hugmyndir póstfemínista um kynferðislegt frelsi sérstaklega skoðaðar og horft til þess hvernig sýn þeirra á kynfrelsi og kynlífsbyltingu er um margt viðbrögð við, því sem þeir myndu kalla, siðabodskap annarrar kynslóðar femínista. Undir lokin verður sjónvarpsþáttaröðin *Sex and the City* rædd sem birtingarmynd kynferðisverunnar í póstfemínískum frásögnum og einnig verður fjallað um framhaldssþáttaröðina *And Just Like That...* (2021–) og þær áherslubreytingar sem þar má merkja en handritshöfundarnir reyna að laga hugmyndaheim gömlu þáttanna að nýjum og breyttum áherslum í kynjapólitíkinni.

Greinin er hugsuð sem kynning á póstfemínískum viðhorfum og leitast við að útskýra hvaðan slíkar hugmyndir koma og úr hvaða andrúmslofti þær spretta. Tilgangur skrifanna er ekki að staðsetja sig hugmyndafræðilega milli átakalína í femínisma heldur að draga fram raddir sem nú kunna að hljóma annarlega, kortleggja umræðuna, rekja kenningarnar og staðsetja þær með hliðsjón af tíðaranda, tískustraumum og kynslóðastríði. Sumar af þeim póstfemínísku hugmyndum sem hér eru raktar teldust því vissulega umdeildar á ritunartíma þessarar greinar, sérstaklega þær sem snúa að því hvernig margir úr póstfemínísku umhverfi hafa gert lítið úr kynferðisofbeldi en lagt þess í stað áherslu á að fagna konunni sem virkri, frjálsri og sterkri kynveru.

hreyfingunni og hvítu forréttindakonurnar sem mótuðu hreyfinguna á þessum tíma, rétt eins og fjölmiðlar og fræðikonurnar sem skrásettu hana, hafi ekki kunnað að meta baráttu svartra stallsystra sinna, lesbía, trúaðra kvenna og þeirra sem mótaðar voru af fátækt. Sjá Angie Maxwell og Todd Shields, „Introduction. Toward a New Understanding of Second-Wave Feminism“, *The Legacy of Second-Wave Feminism in American Politics*, bls. 1–19, hér bls. 6.

Femínískt kynslóðastríð?

Margir gagnrýnendur hafa velt því fyrir sér hvort yfirhöfuð sé hægt að skilgreina póstfemínisma sem femíníska hreyfingu, eða hvort um sé að ræða ákveðið bakslag í femínískri hefð, jafnvel einhvers konar andfemínisma.⁴ Póstfemínísk viðhorf hafni femínískum gildum og snúi aftur til tíma áður en femínisminn kom fram á sjónarsviðið. Um sé að ræða ákveðið mótþróatímabil, uppreisn dætra þeirra femínista sem stýrðu annarri bylgju femínismans á sjöunda og áttunda áratugnum. Þessar ungu konur áttu erfitt með að mæta sig við kenningar og hugmyndafræði kynslóðarinnar sem kom á undan og þótti stefnan einkennast af boðum og bönnum, vera einstrengingsleg, fyrirskipandi, mótuð af andúð á körlum, andúð á kynlífi og of mikilli áherslu á að konur væru fórnarlömb karla. En svo mætti halda því fram að átakalínur af þessu tagi séu einmitt einkennandi fyrir femínismann líkt og Angela McRobbie hefur bent á.⁵ Aðrir telja að póstfemínískar hugmyndir hafi verið viðbrögð við hvítum, gagnkynhneigðum, miðstéttarviðhorfum eldri kynslóða. En líkt og Nicola Rivers bendir á hefur andstaðan við stórfrásagnir (e. *grand narrative*) hinna hvítu forréttindahópa sem tilheyra vestrænum femínisma verið viðloðandi mun lengur. Eftir umræðu um mannréttindi og kvenréttindabaráttuna árið 1851 spurði kvenréttindakonan og fyrrum þrællinn, Sojourner Truth: „Er ég ekki kona líka?“⁶

Það að póstfemínismi sé talinn vera viðbrögð við femínisma og að sumu leyti andsvar við hugmyndafræði sem ungar konur á níunda áratug síðustu aldar sáu sig ekki í, má greina í vinsælli bók Susan Faludi, *Backlash. The Undeclared War Against American Women* sem kom út 1991 og varð metsölubók. Faludi skoðar breytt pólitískt umhverfi á níunda áratugnum og ræðir um áhrif fjölmiðla, birtingarmyndir kvenna í fjölmiðlum og afþreyingarmeningu. Hún dregur meðal annars fram hvernig Reagan- og Thatcher-tímabilið einkenndist af töluverðri íhaldssemi, hvernig umfjöllun í fjölmiðlum ásamt hægrisinnaðri pólitískri orðræðu varð til þess að skapa hugmynda-

⁴ Stéphanie Genz og Benjamin A. Brabon, *Postfeminism, Cultural Texts and Theories*. Edinburgh: Edinburgh University Press, 2009, bls. 51.

⁵ Angela McRobbie, „Post-Feminism and Popular Culture“, *Feminist Media Studies* 3/2004, bls. 255–257. Sjá einnig Alda Björk Valdimarsdóttir, *Jane Austen og ferð lesandans*, bls. 139–140.

⁶ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the Arrival of the Fourth Wave. Turning Tides*, Cham: PalgraveMacmillan, 2017, bls. 10. Nefna má að mörgum svörtum konum finnst það vera rásíkt að telja reynslu hvíttra kvenna af karlveldi eiga við um allar konur.

fræði sem réðst gegn kjarnanum í kvennabaráttunni og endurheimti hefðbundnar hugmyndir um kvenleika og fjölskyldulíf.⁷

Faludi tekur í greiningu sinni saman ýmsar af þeim spurningum sem femínistar níunda áratugarins voru að glíma við. Því var gjarnan haldið fram að starfsframi leiddi af sér ýmiss konar kvilla, eins og kulnun, barnleysi og aukna áhættu á að ganga ekki út. Barnleysið leiddi til þunglyndis, karlmannsleysið til móðursýki og hvoru tveggja til krísu vegna lágs sjálfs-mats. Valdamiklar framakonur áttu að vera slegnar af ýmiss konar kvillum vegna álags og streitu og einmanaleiki sjálfstæðra kvenna var talinn risastórt geðrænt heilsufarsvandamál.⁸ Undir niðri bjó sú hugmynd að konur þyldu illa sjálfstæðið og ábyrgðina sem starfsferill hefur í för með sér og það hafi skaðað samband þeirra við karla. Femínisminn er þannig talinn vera ábyrgur fyrir óhamingju og ófullnægju kvenna. Starfsferill og fjölskyldulíf geti ekki farið saman og það sé eitt af því sem hafi grafið undan kjarnanum í innra lífi kvenna. Konurnar séu að reyna að vera súperkonur og að aðstæðurnar sem hinar vinnandi konur búi við geti ekki gengið upp. Álagið á þeim sé tvöfalt. Því þurfi þær á endanum að velja annaðhvort ferillinn eða hjónabandið og fjölskyldulífið og það sé betra fyrir þær að velja fjölskylduna því að líf í hjónabandi og innan veggja heimilisins sé líf fullnægju fyrir konur.⁹

Faludi, sem stundum er talin tilheyra þriðju bylgju femínista, er ein áhrifamesta gagnrýnisródd pósfemínísku hreyfingarinnar en hún telur hana ekki vitnisburð um árangur kvenréttindabaráttunnar, heldur hafi þessum konum staðið á sama um kvenréttindi. Þetta áhugaleysi hafi verið risaskellur og möguleg afleiðing af þeirri orðræðu sem birtist iðulega í fjölmiðlum á þessum árum um að kvenréttindi væru „versti óvinur konunnar“.¹⁰ Einhleypar vinnandi konur voru hafðar að skotmarki í fjölmiðlum, sjálfstæði þeirra var dregið fram í myrku ljósi, þær voru sjúkdómsvæddar og skilgreindar sem ófullnægðar eða jafnvel auðvirðilegar, sjálfhverfar, tilfinningalega óþroskaðar og fullar af eftirsjá vegna þess að þær uppfylltu ekki hlutverk sín sem eiginkonur og mæður. Faludi bendir á að konum sé kennt að það sé þeirra eigið vandamál að finnast eitthvað athugasvert við karlmenn.¹¹

Í þessu samhengi má greina pósfemínisma sem hluta af afturhaldsorð-

⁷ Sjá Susan Faludi, *Backlash. The Undeclared War Against American Women*, New York: Three Rivers Press, 1991, bls. x–xii.

⁸ Sama heimild, bls. 20.

⁹ Sama heimild, bls. 50–51.

¹⁰ Sama heimild, bls. 2 og 15.

¹¹ Sama heimild, bls. 369.

ræðu, sem viðbrögð sem snúast um það að draga fram ógnir femínismans. Í slíkri afturhaldsorðræðu er reynt að sannfæra lesendur/áhorfendur um ómöguleika þess að vera ofurkona. Í tilraun sinni til þess að eiga sér bæði frama og fjölskyldu eiga slíkar konur það á hættu að tapa kvenlegum eiginleikum sínum, því þær keyra sig út og tilvera þeirra einkennist af sektarkennd og sársauka. Einhleypa konan, sú sem velur starfsferil í stað kvenleika, verður fyrir mestri skömminni, sérstaklega ef hún er barnlaus en í fjölmiðlum er slíkum konum lýst sem „sirkusviðrinum“.¹² Á þennan hátt eru konur lattar frá því að sækjast eftir opinberri velgengni og hvattar til þess að sinna kvenlegum skyldum sínum.

Eins og kemur fram í bók Genz og Brabon, *Postfeminism, Cultural Texts and Theories*, telja margir femínískir greinendur að á áttunda og níunda áratugnum megi sjá merki um andspyrnu eða bakslag af því tagi sem Faludi gerði að umræðuefni. Þá verður sú krafa fyrirferðarmeiri að fella úr gildi og afnema það sem femínistar höfðu áorkað í baráttu sinni og kvenréttindahreyfingin fer að einkennast frekar af sundrun og ósamstöðu hinna ólíku hópa. Í þessari deiglu andstæðra og mótsagnakenndra sjónarmiða verður sú krafa að sama skapi háværi hjá ýmsum af þeim femínistum sem töldu sig sem fulltrúa þriðju bylgjunnar, að hann tali til stærri hópa og taki í ríkari mæli á kynþætti, stétt og kynhneigð. Hugmynd þeirra, burtséð frá réttmæti hennar, var sú að breikka út hóp þeirra sem gæti séð sig í femínismanum og færa hreyfinguna úr fámennum hópi aktívista sem átti ekki samleið með fjöldanum. Það að vera femínisti fór því að merkja svolítið annað en það gerði á áttunda áratugnum. Um leið varð hugmyndafræðin ekki eins áþreifanleg og einföld.¹³

Nicola Rivers ræðir það hvernig pósfemínískum viðhorfum sé beint að mæðrum, jafnt táknrænt sem bókstaflega. Dæmi séu um að femínistar sem segjast tilheyra þriðju bylgjunni hafni líffræðilegum mæðrum sínum, talsmönnum annarrar bylgjunnar.¹⁴ Sem dæmi megi nefna dóttur Alice Walker, Rebecca Walker, sem sagði í viðtali við *Ms. Magazine* árið 1992: „Ég er

¹² Sama heimild, bls. 14.

¹³ Stéphanie Genz og Benjamin A. Brabon, *Postfeminism. Cultural Texts and Theories*, bls. 53.

¹⁴ Í greiningu sinni setur Rivers hér samasemmerki milli pósfemínisma og þriðju bylgjunnar sem sýnir aðgreiningarvandann sem greinendur tímabilsins standa frammi fyrir. Eitt af vandamálunum í greiningu af þessu tagi er að ýmsir kenningasmiðir sem auðveldast væri að skilgreina sem pósfemínista hafna þeirri skilgreiningu og segjast tilheyra þriðju bylgjunni þrátt fyrir skýr pósfemínísk viðhorf. En hugmyndafræðilegar stefnur fylgja sjaldnast skýrum markalínunum og ef þær verða til er það gjarnan síðari tíma einföldun.

Þriðja bylgjan¹⁵ en hún hafði áður rætt um að slitnað hafi upp úr sambandi hennar og móður hennar vegna ólíkra femínískra sjónarmiða. Margar konur sem kenna sig við þriðju bylgjuna segjast hafna annarri bylgjunni vegna þess að hún taki ekki tillit til eftirlendufræðilegra sjónarmiða, póstmódernískra og póststrúktúralískra kenninga. Önnur bylgjan hverfist um miðjulaga hugsun og taki ekki á ólíkum sjálfsmyndum, afbyggingu, ólíkri kynhneigð, kyngervi eða minnihlutahópum. Önnur dóttir konu sem tilheyrir annarri bylgju femínista, Katie Roiphe, hefur talað um óbrúanlegt kynslóðabil, þar sem ungar konur upplifi femínismann sem kynslóðabundið vandamál þar sem ósveigjanlegar mæður leggi lífsreglurnar og segi dætrum sínum hvernig þær megi hegða sér.¹⁶ Ýmsir af fulltrúum þriðju bylgjunnar virðast því gjarnan halda þeirri hugmynd á lofti að það séu ekki lengur karlmenn sem stýri hegðun konunnar heldur hafi femínistar tekið við stýringarhlutverkinu með boðum sínum og bönnum.

Húmanismi eða femínismi?

Sem dæmi um hversu erfitt mörgum konum virðist finnast að máta sig innan kvannahreyfingarinnar má nefna að sífellt koma upp nýjar undirgreinar sem er ætlað að greina sig frá þeim ráðandi stefnum og straumum sem eru í gangi. Þessar konur vilja skapa nákvæmari hugmyndafræði sem fellur betur að þeirra lífssýn. Sem dæmi má nefna hugtakið ný-femínisma sem fór að gera vart við sig á tíunda áratugnum og er einnig hluti af þriðju bylgjunni eins og póstfemínisminn. Ný-femínistarnir fögnuðu áhrifamiklum konum sem nutu velgengni í starfi en þær virtust ekki vera jafn gagnrýnar á baráttu annarrar bylgju femínista og sumar stallsystur þeirra innan hinnar póstfemínísku hreyfingar. Glíma þeirra snerist að einhverju leyti um að skipta út konunni sem fórnarlambi eða þolanda fyrir konuna sem fulltrúa valdsins og einblína á hina sterku konu. Nefna má bók Natöshu Walter, *The New Feminism* (frá 1998) þar sem sambandið á milli kvenna og valds er skoðað. Femínistar tíunda áratugarins vildu greina á milli hins persónulega og pólitíska. Þær lögðu áherslu á að önnur bylgjan einblíndi á konuna innan veggja heimilisins og á kynferðisofbeldi.¹⁷ Margir femínistar í kringum aldamót lögðu

¹⁵ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the Arrival of the Fourth Wave. Turning Tides*, bls. 17.

¹⁶ Sama heimild, bls. 18.

¹⁷ Hér smættuðu nýfemínistar, rétt eins og póstfemínistarnir, réttindabaráttu annarrar bylgjunnar sem lét sig einnig launamál varða, stöðu kvenna á vinnumarkaði og fleiri málefni. En þetta er óhjákvæmilegur fylgifiskur þess að vilja marka sér stöðu innan baráttuhreyfinga af ýmsum toga. Hugmyndakerfi þeirra sem á undan koma eru þá

mikla áherslu á hina vinnandi, sjálfstæðu konu og töldu að önnur bylgjan væri of upptekin af konum sem þolendum kynferðisofbeldis og að viðhorfin til kynlífs almennt væru of neikvæð.¹⁸ Í þessu samhengi brýst einnig fram umræða um muninn á svokölluðum valdafemínisma og fórnarlambsfemínisma. Konur hafa samkvæmt mörgum femínistum þriðju bylgjunnar vald til þess að skapa sig sjálfar og þurfa að nýta sér það. Það dragi úr femínisma að einblína jafn mikið á konur sem þolendur ofbeldis og önnur bylgjan hafi gert og sé að þeirra mati gamaldags hugsunarháttur.

Oft er talað um að níundi áratugurinn hafi einkennst af bakslagi en að á þeim tíunda hafi femínisminn orðið vinsæll aftur þegar póstoffemínisminn tekur völdin. En því er ekki að neita að þá gerist það með svo breyttum formerkjum að margar konur sem aðhylltust þessa nýju leið til þess að greina kynin og stöðu konunnar í samfélaginu sáu hann ekki einu sinni sem femínisma. Dæmi má finna um slík viðhorf í viðtölum við heimsþekktar listakonur frá upphafsárum 21. aldarinnar en þær eru undir áhrifum af póstoffemínism-anum þótt þær nefni hann ekki og sumar þeirra vilja gjarnan sjá femínismann endurnýja sig á þessum nýju forsendum. Sem dæmi má nefna að stjörnur á borð við Madonna, Söruh Jessicu Parker og Meryl Streep segjast ekki vera femínistar heldur „húmanistar“.¹⁹ Einnig má minnst orða Katy Perry þegar hún tók við Billboard verðlaunum sem kona ársins árið 2012: „Ég er ekki femínisti en ég trúí samt á styrkleika kvenna.“²⁰ Í viðtali við *Today* árið 2014 endurskoðaði hún þessi orð sín og lagði fram nýja skilgreiningu á afstöðu sinni til femínismans: „Ég skildi aldrei hvað það orð merkti, og núna geri ég það, það merkir bara að ég elska sjálfa mig og ég elska líka karlmenn.“²¹ Samkvæmt samantekt á netinu frá 2013 segir Geri Halliwell að femínismi

gjarnan einfölduð og gert lítið úr þunga þeirra.

¹⁸ Stéphanie Genz og Benjamin A. Brabon, *Postfeminism, Cultural Texts and Theories*, bls. 64.

¹⁹ Kate Dries, „The Many Misguided Reasons Famous Ladies Say I’m Not a Feminist“, *Jezebel*, 2. nóvember 2013, sótt 1. mars 2022 af <https://jezebel.com/the-many-misguided-reasons-famous-ladies-say-im-not-a-1456405014>; Soraya Nadia McDonald, „Meryl Streep Says She’s a Humanist, Not a Feminist“, *The Washington Post*, 30. september 2015, sótt 1. mars 2022 af <https://www.washingtonpost.com/news/arts-and-entertainment/wp/2015/09/30/meryl-streep-says-shes-a-humanist-not-a-feminist/>.

²⁰ Megan Morris, „Katy Perry Says She’s Not a Feminist“, *Cosmopolitan*, 4. desember 2012, sótt 1. mars 2022 af <https://www.cosmopolitan.com/entertainment/celebs/news/a10940/katy-perry-feminist/>.

²¹ „Karl Interviews Katy Perry“, *Today*, 16. mars 2014, sótt 1. mars 2022 af <https://www.youtube.com/watch?v=H40rIbAc2ck>.

snúist um að „stimpla. Í mínum huga er femínismi lesbíur sem brenna brjóstarahaldara sína. Ég myndi gjarnan vilja sjá hann endurmótaðan. Við þurfum að fagna kvenleika okkar og mýkt.“ Og Lady Gaga segir: „Ég er ekki femínisti – Ég hylli menn. Ég fagna amerískum körlum, menningu og bjór og börnum og tryllitækjum.“ Söngkonan Björk Guðmundsdóttir átti líka erfitt með hugtakið femínisti á þessu tímabili og sagðist ekki líta á sig sem slíkan í viðtali við „Bust“, vegna þess að það fæli í sér „einangrun“: „Fyrir mína kynslóð, þá er mikilvægara að gera hluti í staðinn fyrir að kvarta yfir því að þeir séu ekki réttir. Það er mikilvægt að vinna bæði með körlum og konum og vera jákvæður.“²² Fleiri poppstjórnur afneituðu femínismanum á þessum árum svo sem P.J. Harvey, Demi Moore, Kelly Clarkson og Beyoncé var einnig volg í afstöðu sinni á þessu tímabili.²³ Samantektir á borð við þessar sýna hversu lengi konur voru mótaðar af tilmælum, hugmyndum og greiningaraðferðum tíunda áratugarins þegar lögð var áhersla á að þær ættu að horfa til styrkleika kvenna, á völd þeirra og kraft en ekki líta á þær sem fórnarlömb karlveldis líkt og mæður þeirra gerðu.

Inn í tíðaranda þeirra kvenna sem eiga erfitt með að máta sig við aðra bylgju femínisma á tíunda áratugnum kemur Naomi Wolf með bækur sínar *The Beauty Myth* (1990) og *Fire With Fire* (1993) og verður þar með að talsmanni hins svokallaða valdafemínisma. Í *Fire With Fire* segir Wolf að konur standi frammi fyrir „opnu augnabliki“ (e. *open moment*). Eftir tuttugu og fimm ár af femínískum aktívisma sé búið að byggja upp hina pólitísku formgerð. Konur eigi nú nægilega mikla peninga og áhrif þeirra séu sýnileg, auk þess sem þær hafi enn þörf á því að breyta kynjaójafnvæginu. Það sé þrennt sem standi í veginum: margar konur finni ekki samhljóm með kvannahreyfingunni; þráður í femínisma einkennist af karlveldislegum viðhorfum; og konur skorti sálfræðileg kvenleg völd sem mæti nýjum tækifærum þeirra.²⁴

Einn af þeim þáttum sem geri það að verkum að konur sjái sig ekki í femínisma sé ósveigjanleiki hans og sú tilfinning að hreyfingin sé andsnúin fjölskyldugildum og karlmönnum, hún sé hvít og tilheyrir miðstéttinni. Slíkir

²² Kate Dries, „The Many Misguided Reasons Famous Ladies Say I’m Not a Feminist“. Sjá einnig: Kate McDonough, „I’m Not a Feminist, But“, *Salon*, 6. apríl, 2013, sótt 1. mars 2022 af https://www.salon.com/2013/04/06/im_not_a_feminist_but/.

²³ Sjá Kate Dries, „The Many Misguided Reasons Famous Ladies Say I’m Not a Feminist“, *Jezebel*, 2. nóvember 2013, sótt 1. mars 2022 af <https://jezebel.com/the-many-misguided-reasons-famous-ladies-say-im-not-a-1456405014>.

²⁴ Naomi Wolf, *Fire With Fire. The New Female Power and How it Will Change the 21st Century*, Vintage, epub, 1993, loc. 10.

þættir hafi gert það að verkum að konur hafni því sem kallað er „F orðið.“ Wolf lítur hinn svokallaða „fórnarlambsfemínisma“ hornauga og segir hann hafa verið ráðandi í orðræðunni alltof lengi en hann eigi þátt í því að rífa konur niður og sé einnig þáttur í því viðhorfi að femínisminn snúist um hat-ur gegn körlum og vilji skilgreina allar konur sem þolendur ofbeldis. Slíkur femínismi dragi upp mynd af konunni sem kynferðislega hreinni og dularfullri í hlutverki sínu sem nærandi afl og leggi áherslu á hversu illa sé farið með þessa góðu konu. Hin tegundin af femínisma er það sem Wolf leggur áherslu á sem útleið en það er „valdafemínismi“ en fylgjendur hans sjá konuna sem „manneskju, kynveru, einstakling sem er hvorki betri né verri en karlarnir, hliðstæður þeirra, og þeir vilja fá jafnrétti einfaldlega vegna þess að konur eiga rétt á því.“²⁵ Fórnarlambsfemínismi geri ráð fyrir því að allar konur séu í eðli sínu góðar og valdalausar en karlar séu vondir og að þetta viðhorf hjálpi ekki í þessari nýju hreyfingu og einkennist af gamaldags viðhorfum sem konur þurfi síst á að halda núna. Það sé ekki boðlegt að líta svo á að „karllægar“ hvatir eins og þörfin á að gnæfa yfir, árásargirni eða kynferðislegt arðrán tilheyri einungis körlum. Wolf segir að það sé „valdeflandi og siðlegt fyrir konur að líta heiðarlega á myrku hliðina innra með þeim sem muni nú lýsast upp.“²⁶

Þessi þörf tímabilsins á að hafna því að greina konur sem þolendur hefur verið endurskoðuð á undanförunum fimm árum eftir að ofbeldisumræðan varð aftur miðlægari. Um margt hefur metoo-bylgjan opinberað vandkvæðin við það að horfa framhjá kynbundnu ofbeldi á þann hátt sem pósfemínisminn gerði en metoo er ekki viðfangsefni þessarar greinar, heldur fremur þær stefnur og straumar sem voru í gangi áratuginn áður en hún kom fram.²⁷

²⁵ Sama heimild, loc. 11.

²⁶ Sama heimild, loc. 11–12.

²⁷ Í því sambengi má þó benda á Taylor Swift sem vakti athygli fyrir málaferli 2017 en söngkonan ásakaði plötusnúðinn David Mueller um að hafa áreitt sig kynferðislega. Mueller kærði Swift fyrir að hafa eyðilagt orðspor sitt en hún kærði hann á móti og krafðist táknrænna skaðabóta upp á einn dollar og vann málið. Sjá t.d. umfjöllun 15. ágúst 2017 á *BBC News*: „Taylor Swift Sexual Assault Case. Why is it Significant“, sótt 1. mars 2022 af <https://www.bbc.com/news/entertainment-arts-40937429>. Önnur poppstjarna sem hefur nýverið fagnað því að vera kölluð femínisti og aktivisti er Beyoncé en með því endurskilgreinir hún fyrri afstöðu sína. Nichola Rivers telur þessar stjórnur vera einar af þeim femínistum sem marka upphafið að fjórðu bylgju femínisma. Sjá: Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the Arrival of the Fourth Wave. Turning Tides*, Cheltenham: Palgrave Macmillan, 2017, bls. 7.

Taktu-mig femínismi: Kynferðislegur fögnuður eða kynbundnið ofbeldi

Femínismi á sjöunda og áttunda áratugnum hafði orð á sér fyrir að vera andsnúinn frjálsu kynlífi, klámi og fyrir að vera teprulegur ef höfð er í huga póstfemínísk umfjöllun í kringum aldamótin en kynferðisleg hlutgerving kvenna og klámvæðing hafa lengi vel verið þrætuepli innan femínískrar umræðu. Á tíunda áratugnum fóru ýmsar konur að tala fyrir auknu frelsi í kynferðismálum²⁸ og skildu sig þar með misgóðum rökum frá annarri bylgjunni.

Í *Battling Pornography* segir Carolyn Bronstein að afstaðan „gegn-klámi“ (e. *anti-pornography*) eigi sér rætur í hinni ólgandi félagslegu og menningarlegu sögu sjöunda og áttunda áratugarins. Þar staðsetur hún einnig upphafið á mótun róttæks femínisma og þeirrar öflugu hreyfingar sem barðist gegn klámvæðingu samfélagsins. Bronstein lýsir meðal annars áhrifum tímarita og auglýsinga á sjötta áratugnum þegar kom að því að skipa konum neðarlega í valdapíramíta karlveldisins og neyklusamfélagsins. Konur á þessum og næsta áratug voru í hlutverki hinnar hamingjusömu húsmóður og móður og sem kynviðföng voru þær aðallega leikföng. Því birtust þær sjaldan sem fulltrúar á vinnumarkaði og voru ekki sýndar án þess að vera í fylgd karlmanns.²⁹ Femínistar fóru að horfa gagnrýnið á þessar táknmyndir kvenleikans og sögðu þær vera eins og handbækur sem réttlættu ofbeldi ungra karla og byggju til farald nauðgana og heimilisofbeldis. Í þessu andstaðukerfi var konan óvirk, barnsleg og viðkvæm á meðan karlinn var ofbeldisfullur, grimmur og skorti getu til þess að halda aftur af sér.³⁰ Ofbeldisfull hegðun karla var með þessu afsökuð og litið á hana sem venjulega hlið á kynhvöt þeirra. Með því að fagna þessu kynbundna ofbeldi kenndi fjöldamenningin karlmönnum að líta á konur sem ómennskar kynverur sem væru gerðar til þess að nota og misnota. Konum var einnig kennt að hlutverk þeirra væri að þjóna kynlöngunum karla og skapa þeim öryggi inni á heimilinu.

Femínistar tíunda áratugarins tóku margar hverjar upp hugmyndina um kynferðislega siðvendni gömlu femínistanna og sögðust vera þreyttar á tvöfeldninni, siðferðispredikunum og takmörkunum sem voru í gangi í tengslum við kynhvöt kvenna í afþreyingarmenningu og fjölmiðlum á ára-

²⁸ Sjá Stéphanie Genz og Benjamin A. Brabon, *Postfeminism. Cultural Texts and Theories*, bls. 91.

²⁹ Carolyn Bronstein, *Battling Pornography. The American Feminist Anti-Pornography Movement, 1976–1986*, Cambridge: Cambridge University Press, 2011, bls. 1.

³⁰ Sama heimild, bls. 2.

tugunum á undan. Ungar konur fóru jafnframt að tala fyrir „Taktu mig“ femínisma („Do–Me feminism“) en hugtakið má rekja til þekkrar greinar blaðamannsins Tad Friend frá 1994 sem ber nafnið: „Yes“. Þar segir Friend að „Taktu mig“ femínistar séu kynslóð kvenna sem „fagna kynlífi (og karlmönnum)“ og kallar annarrar bylgju femínistana Andreu Dworkin og Catharine MacKinnon „tvíburaspámenn í kynferðislegu Armageddoni“. „„Taktu mig“ femínismi hafi því risið eins og hávær ögrun við ríkjandi femínisma síðustu 20 ára.“³¹

Valdafemínismi eins og sá sem Naomi Wolf greinir í *Fire With Fire* leggur jafnframt áherslu á líkamlegar nautnir og konuna sem kynveru og er að því leyti skyldur hinum svokallaða „taktu mig femínisma“ og „greddufemínisma“ (e. *Raunch-feminism*) sem hefur meðal annars haft mikil áhrif á poppmenningu samtímans. Árið 2005 gaf bandaríski blaðamaðurinn Ariel Levy út bókina *Female Chauvinist Pigs. Women and the Rise of Raunch Culture* sem fjallar um kynvæðingu kvenna í fjöldamenningunni og klámvæðingu innan poppmenningarinnar. Greddufemínismi gengur út á að konur séu ánægðar með að vera hlutgerðar og hvetur til þess að þær taki sjálfar þátt í því að hlutgera sig. Þær séu sáttar við að vinna sem stripparar og í klámiðnaðinum og sjái ekkert athugasvert við konur sem vinna á slíkum markaði því það sé hluti af frelsi kvenna að njóta kynlífs og líkama síns. Levy segir að sér til undrunar hafi hún komist að því að þessi nýja „greddumenning“ hafi ekki snúist um endalok femínismans í huga þeirra sem aðhyllast hann, heldur hafi hún verið sett fram undir femínískum formerkjum. Konur áttu út frá þessu sjónarmiði rétt á því að fletta *Playboy*, og það fólst valdefling í því að fá sér brasilískt vax.

³¹ Tad Friend, „Yes“, *Esquire*, 1. febrúar 1994. Dworkin og MacKinnon voru ekki óumdeildar innan femínistahreyfingarinnar á þeim tíma sem þær voru virkastar og því ekki hægt að gera þær að einhliða fulltrúum femínista. En þær voru hentugir fulltrúar hreyfingar sem tilgangurinn var að greina sig frá. Dworkin sem barðist gegn klámi og klámvæðingu var gjarnan hædd og litin hornauga, jafnvel fyririlitin af mörgum á vinstri og hægri armi umræðunnar, og oft kölluð fastisti eða nasisti sem hataði karlmenn. Margir femínistar hafa rætt hvernig Dworkin dró athygli að mikilvægum málefnum en að hún hafi um leið skaðað kvenréttindabaráttuna. Sjá t.d. Havana Marking, „The real Legacy of Andrea Dworkin“, *The Guardian*, 15. apríl 2005, sótt 19. ágúst 2022 af <https://www.theguardian.com/world/2005/apr/15/gender.politicsphilosophyandsociety>. Catherine MacKinnon tilheyrði einnig hópi femínista sem sagðar voru „andsnúar klámi“ í hinu svokallaða kynlífsstríði (e. *feminist sex wars*) á áttunda áratugnum. Í kjölfarið fóru að koma fram femínistar sem sögðust vera „fylgjandi kynlífi“ (e. *pro sex*) og töldu hina hörðu afstöðu Dworking og MacKinnon gegn klámi skaðlega hreyfingunni. Sjá t.d. ítarlega umfjöllun um kenningar MacKinnon hjá Wendy Brown, *States of Injury. Power and Freedom in Late Modernity*, New Jersey: Princeton University Press, 1995, bls. 77–96.

Því var jafnframt haldið fram að konur væru komnar svo langt í lífinu að þær þyrftu ekki að hafa áhyggjur lengur af hlutgervingu eða kvenhatri.³²

„Greddumening“ var sérlega fyrirferðarmikil í tónlistarmyndböndum allt fram að því að áherslurnar breyttust með metoo-hreyfingunni og hún var sérstaklega sýnileg í verkum ungra poppsöngkvenna. Miley Cyrus dansar fáklædd í laginu „Wrecking Ball“ (2013) og setur listsköpun sína í samhengi við feminisma. Ólíkt áður nefndum stöllum sínum í afþreyingariðnaðinum segist hún í viðtali við *BBC Radio* árið 2013, vera „einn stærsti feministi veraldarinnar, vegna þess að ég segi konum að þær hafi ekkert að óttast“. Konur eigi að vera stoltar af því að sýna líkama sinn.³³ Í viðtali í *Cosmopolitan* fullyrðir hún að hún sé sterk fyrirmynd kvenna og gefi þeim vald þegar hún kemur fram á þveng með froðu á milli læra sinna og veifar stórum frauðplastsfingri.³⁴

Hugsanlega er Cyrus hér að leita staðfestingar á hispurslausri kyntjáningu sinni með því að setja hana í femínískt samhengi sem er ekki eitthvað sem hinar listakonurnar þyrftu að gera. Ekki er heldur hægt að segja að þessi ákvörðun Cyrus hafi skaðað hana því að á þessum árum jók kynferðislegur djarfleiki á verðgildi poppstjarna. „Wrecking Ball“ varð til þess að tekjur Miley Cyrus jukust um 28,5 milljónir dala árið 2013 ef tekið er mið af tekjum hennar 2010.³⁵ Ef djarfar sviðsetningar líkamans vekja slíka athygli og

³² Ariel Levy, *Female Chauvinist Pigs. Woman and the Rise of Raunch Culture*, New York: Free Press, 2005, bls. 3–4.

³³ Sjá Alexandra Appolini, „The Biggest Feminist in the World“. On Miley Cyrus, Feminism, and Intersectionality“, *American Music Review*, Vol. XLIII, No. 2, vor 2014, Brooklyn College, sótt 1. mars 2022 af <http://www.brooklyn.cuny.edu/web/academics/centers/hitchcock/publications/amr/v43-2/apolloni.php#:~:text=On%2014%20November%202013%20Miley,of%20anything%2C%22%20she%20said>

³⁴ Viðtalið við Cyrus birtist í desemberhefti tímaritsins *Cosmopolitan* árið 2013. Nicola Rivers fjallar ítarlega um gagnrýnina sem Cyrus fékk á tónlistarmyndbandið meðal annars frá söngkonunni Sinéad O'Connor sem sagði ábendingar sínar mótaðar af móðurlegri ást (e. *in the spirit of motherliness and with love*) en af svörum Cyrus mátti ráða að hún tæki því ekki þannig. Sjá *Postfeminism(s) and the Arrival of the Fourth Wave. Turning Tides*, bls. 33–36. Einnig er forvitnilegt að skoða greiningu Seans Redmond þar sem hann greinir m.a. viðtalið sem Cyrus fór í hjá breska sjónvarpsþáttamanninum Allan Carr í september 2013 sem snerist að mestu leyti um sköp Cyrus og óhefta kyntjáningu hennar. Sjá Sean Redmond, „Sensing Celebrities“, *A Companion to Celebrity*, ritstj. P. David Marshall og Sean Redmond, Oxford: Wiley, Blackwell, 2016, bls. 385–400, hér bls. 396–398.

³⁵ Cheryl Wang, „Celebrity Raunch Culture. Is it Feminism?“, *Huffington Post*, 19. mars 2015, sótt 1. mars 2022 af http://www.huffingtonpost.com/cheryl-wang/celebrity-raunch-culture-_b_6511570.html

eru önnur eins auðsuppspretta er líka komin skýring á því hvers vegna ungar söngkonur fara þessa leið. Rappdrottningin Nicki Minaj segir um lagið sitt „Anaconda“ (2014) að konur sem kunni að meta líkama sinn á hugrakkann og djarfan hátt sýni aðeins að þær séu við stjórnvölinn í lífi sínu sem sé það sem femínisminn boði.³⁶ Einnig má nefna myndband Cardi B við lagið „WAP“ sem kom út 2020 og mörgum þótti klúrt. Eins og áður segir leggur greddu-femínismi, sem stundum er líka kallaður bimbó-femínismi og „babe femínismi“,³⁷ áherslu á sambandið á milli kynferðis og frelsis í tjáningu, nautnir eru settar í samhengi við kvenlegt sjálfstæði líkt og Miley Cyrus og Nicki Minaj lesa út úr myndböndum sínum.

Gill og Scharff segja í bókinni *New Femininities*, að í kringum 2005 hafi enginn lengur notað orðið „kynjamisrétti“ (e. *sexism*) þar sem það hafi þótt gamaldags og skondið. Fremur hafi ungar konur stuðst við hugtök eins og val eða valdeffing og ef orðið femínismi var notað hafi þurft að skella orðunum „póst“ eða „vald“ (e. *powerfeminism*) fyrir framan.³⁸ Að mati þeirra gefur hugtakið pósthemínismi til kynna breytingu eða rof innan hemínismans sem ögri engilsaxneskum/bandarískum hemínisma (e. *hegemonic Anglo-American*) og hans „ráðandi og nýlendu-herralegu rödd“. Hér er verið að fjalla aðallega um tengsl annarrar bylgjunnar við forræðishyggju en einnig hvernig pósthemínisminn fagnar ólíkri kynhneigð og kynþáttum. Þetta séu hvörf frá annarri bylgjunni, endalok ákveðins tímabils í hemínisma. Þriðja leiðin til þess að skilja hugtakið sé að sjá það sem bakslag gegn hemínisma sem felst í þeirri hugsun að konur geti ekki fengið allt, eitthvað gefi að lokum eftir og að pólitísk rétt hugsun sé tegund af einræði. Um sé að ræða ákveðna hræðslu þeirra sem aðhyllast pósthemínisma við það að karlveldið sé við það að falla.

³⁶ Sama heimild.

³⁷ Stéphanie Genz og Benjamin A. Brabon, *Postfeminism. Cultural Texts and Theories*, bls. 65. Þess má einnig geta að þegar Britney Spears varð átján ára réð hún klámmyndaleikstjórann Gregory Dark til þess að leikstýra myndbandinu við lag sitt „From the Bottom of My Broken Heart“ (2000). Þótt myndbandið væri alls ekki eins kynferðislegt og eldri myndbönd Spears, t.d. í samanburði við lagið „Baby One More Time“ (1998), sleit hún samstarfinu stuttu síðar vegna þess að það þótti skaða ímynd hennar. Sjá t.d. Craig Seymour, „Why Britney Spears and Mandy Moore Hired a Former Porn Director“, *Entertainment Weekly*, 4. febrúar 2000, sótt 1. mars 2022 af <https://ew.com/article/2000/02/04/why-britney-spears-and-mandy-moore-hired-former-porn-director/>; og „Britney Spears Fires Ex-Porn Director from Videos“, *IMDb*, 12. janúar 2001, sótt 1. mars 2022 af <https://www.imdb.com/news/ni0057063>.

³⁸ Rosalind Gill og Christina Scharff, *New Femininities, Postfeminism, Neoliberalism and Subjectivity*, New York: Palgrave Macmillan, 2011, bls. 1.

Fjórða leiðin væri að skoða pósthfemínisma sem hneigð (e. *sensibility*) sem sé einkennandi fyrir menningu samtímans. Hugtökum eins og frelsi, vali og valdeflingu sé skipt út fyrir femíníska pólitík og umbreytingu. Pósthfemínísk hneigð feli á sér þá hugmynd að kvenleiki tengist líkamleika, umbreytingu frá hlutgervingu konunnar til sjálfsgervingar (e. *subjectification*) hennar, áherslurnar verði á sjálfseftirlit og -aga, einstaklingshyggju, fegrun, kynvæðingu kvenlíkamans, neysluhyggju og mismun. Þessir þættir tilheyri ákveðinni stétt og fari saman með ákveðinni útilokun á þjóðerni, aldri, kynferði, fötlun sem og kyngervi. Þrátt fyrir að það sé markmið pósthfemínismans að fagna mismuni þá sýni reynslan að pósthfemínískar frásagnir segi yfirleitt sögur af hvítum miðstéttarkonum frá Norður-Ameríku og Evrópu.³⁹

Áherslurnar á kynveruna og líkamlegar nautnir verða þannig femínískur tjáningarmáti sem setja má í samhengi við þá áherslu að ekki eigi að einblína á fórnarlömb eða þolendur kynferðisofbeldis og er hluti af orðræðu femínista í kringum aldamót þar sem horft er til einstaklingshyggju fremur en bandalaga skoðanasystra eða hópamyndunar.⁴⁰ Til þess að átta sig betur á átökum tíunda áratugarins má benda á að í bókinni *The Morning After. Sex Fear and Feminism on Campus* frá 1993 heldur blaðamaðurinn Katie Roiphe því fram að femínistar hafi beint of mikilli athygli að mismuninum á milli kvenna og karla. Roiphe gefur til kynna að önnur bylgjan beri ábyrgð á því að draga fram mynd af konunni sem fórnarlambi. Segir hún meðal annars að um sé að ræða móðursýkislegan ótta sem tengist stefnumótanaudgunum á háskólasvæðum í Bandaríkjunum. Í tilraun til þess að draga upp ískyggilega mynd af femínistum á bandarískum háskólalóðum lýsir hún einni slíkri mótmælægöngu með þeim hætti að hún hafi verið „ringlaður fyrsta árs nemi að horfa á andlit böðuð kertaljósi sem liðuðu snákslega eftir háskólasvæðinu“. Reiðu raddirnar söngluðu í takt slagorð gegn nauðgunum og mótmælendurnir héldu á skiltum þar sem stóð: „Endurheimtum nóttina“ (e. *Take Back the Night*).⁴¹ „Take Back the Night“ var skipulagt andóf sem haldið var í yfir 30 löndum, jafnt göngur og vökur gegn kynferðisofbeldi, en fyrstu mótmælin voru árið 1975 í Bandaríkjunum. Að mati Roiphe grafa slíkir viðburðir undan styrkleika kvenna og ýta undir varnarleysi þeirra og veikleika. Fórnarlambsáherslur femínista hvetja til gamaldags viðhorfa til kynferðis „þar

³⁹ Sama heimild, bls. 3–4.

⁴⁰ Stéphanie Genz og Benjamin A. Brabon, *Postfeminism. Cultural Texts and Theories*, bls. 70.

⁴¹ Katie Roiphe, *The Morning After. Sex Fear and Feminism on Campus*, New York/London: Little, Brown and Company, 1993, bls. 11.

sem karlar vilja kynlíf og konur ekki“.⁴² Femínisminn hafi þannig runnið aftur til sjötta áratugarins í ímynd sinni af viðkvæmum, óvirkum og saklausum konum.⁴³ Bókin var skiljanlega umdeild og gagnrýnd fyrir að kenna þóendum um ofbeldi sem þeir verði fyrir. Til þess að hafa í huga hversu ólíkur tíðarandi tíundi áratugurinn var frá þeim femínísku straumum sem sjá má nú, tæpum þrjátíu árum seinna, má nefna umfjöllun prófessorsins Camillu Pagliu sem hrósaði bókinni og sagði hana vera fulla af mælsku, „vel hugsaða og vel rökstudda bók sem sé alls staðar ráðist grimmilega á af innantómum, óheiðarlegum femínískum gagnrýnendum.“⁴⁴ Orð Pagliu um bókina virðast hafa ratað víða þrátt fyrir að prófessorinn þyki umdeild, og þau eru meðal annars notuð í Wikipediu-færslunni um bók Roiphe.

Hugmyndirnar um að femínistar eigi ekki að einblína svo mikið á kynferðisofbeldi og nauðganir tengjast átökum um klámvæðingu á tímabilinu. Femínistar á áttunda áratugnum voru margir hverjir róttækir andstæðingar kláms og vændis en það átti sinn þátt í að kljúfa hreyfinguna. Konurnar sem voru ungar árið 1990 fundu margar hverjar ekki samleið með svo harðri afstöðu gegn klámi og kynlífsvæðingu. Afstaða femínista til kynferðis í kringum 1970 var þó líka klofin. Sumar konur töldu að ef femínismi snerist um kvenfrelsi þá ættu konur að hafa frelsi til að birtast í klámi. Aðrar eins og Susan Brownmiller sem er fræg fyrir bók sína *Against Our Will, Men, Woman and Rape* frá 1975 vildu frelsa konur frá niðurlægjandi staðalímyndum og karlstýrðri menningu. Hún skilgreinir nauðgun sem meðvitað ferli ógnana sem karlar nota til þess að halda konum hræddum. Uppgötvun karlsins á því að hann geti notað kynfæri sín sem vopn til þess að vekja upp ótta hljóti að vera einn mikilvægasti fundur forsögulegra tíma, ásamt notkuninni á eldi og steinöxinni.⁴⁵ Bókin var töluvert lofuð og er til dæmis talin hafa haft áhrif á bandaríska nauðgunarlöggjöf.⁴⁶

Fyrstu alvöru átökin um klámmenninguna eiga sér stað á áttunda og níunda áratugnum þegar brugðist er við róttækum femínistum eins og áður nefndum Catherine MacKinnon og Andrea Dworkin sem höfðu talið

⁴² Sama heimild, bls. 70.

⁴³ Sama heimild, bls. 6.

⁴⁴ Camille Paglia, *Vamps & Tramps. New Essays*, New York: Vintage Books, 1994, bls. xvi. „An eloquent, thoughtful, finely argued book that was savaged from coast to coast by shallow, dishonest feminist book reviewers“.

⁴⁵ Susan Brownmiller, *Against Our Will, Men, Woman and Rape*, New York: Ballantine Books, 1975, bls. 14–15.

⁴⁶ Carolyn Bronstein fjallar í löngu máli um þátt Brownmiller í bandarísku kvinnahreyfingunni í bók sinni *Battling Pornography*, sjá t.d. bls. 47–50 og 157–162.

það mannréttindabrot gagnvart konum að leyfa klám.⁴⁷ Það er gegn hugmyndum sem þessum sem ýmsir pósfemínistar risu. Þær sáu ekkert vandamál við kynvæðingu kvenlíkamans svo fremi sem það færi fram á forsendum kvenna. Femínistar á borð við Rene Denfeld, sem er af sumum talin tilheyra „taktu mig femínisma og „babe femínisma“,⁴⁸ vilja fjarlægja sig femínískri pólitík sjöunda og áttunda áratugarins. Denfeld hélt því fram að femínisminn einkenndist af alræðishyggju, væri gamaldags, öfgafullur, gegnsýrður af siðaboðorðum og talaði ekki til ungra kvenna. Þá umræðu mátti heyra að femínistar áttunda áratugarins hafi horfið aftur til gildismats 19. aldarinnar í hugmyndum sínum um konuna. Hún eigi að vera kynferðislega óspillt og hjálparvana en um leið siðferðilega hafin yfir karlinn. Denfeld uppnefnir aðra bylgjuna nýviktórianisma og telur hana keimlíka Viktoríutímabilinu á 19. öld sem lagði áherslu á hreinlífi konunnar. Í *The New Victorians. A Young Woman's Challenge to the Old Feminist Order* frá 1995 heldur Denfeld því fram að hreyfingin sem hófst í kringum 1960 hafi byrjað með grimmi baráttu fyrir efnahagslegum, félagslegum og pólitískum jöfnuði en hún hafi úrkynjast og orðið andsnúin kynlífi, frelsi og kvenréttindum.⁴⁹

Gagnrýni af þessu tagi má sjá í ýmsum myndum næstu áratugina. Í nýlegri bók femínistans og háskólakennarans Lauru Kipnis, *Unwanted Advances. Sexual Paranoia Comes to Campus* frá 2017 fjallar Kipnis um kynferðisleg samskipti nemenda á háskólalóðinni og einnig sambönd kennara og nemenda. Hún horfir gagnrýnið á ýmsar þekktar ofbeldisfrásagnir af konum á háskólasvæðum í Bandaríkjunum og dregur sannleiksgildi sumra þeirra í efa. „Að hafa vald yfir líkama sínum er sérstaklega fyrir konur, lærð kunnátta og þarfnast menntunar“, segir Kipnis. Hún heldur því jafnframt fram að stefnur og kóðar í samskiptum kynjanna sem styrki varnarleysi konunnar og hvetji til þess að við horfum á hættur sem konum stafi af körlum, sé það síðasta í heiminum sem dragi úr kynferðislegu ofbeldi.⁵⁰ Frásagnirnar í bók Kipnis beinast að því að sýna hvernig sumar konurnar virðast hafa notað kynferðisáreitni eða ofbeldi sem valdataki í samskiptum sínum við karla.

⁴⁷ Stéphanie Genz og Benjamin A. Brabon, *Postfeminism. Cultural Texts and Theories*, bls. 93.

⁴⁸ Elizabeth Aoki, „A Challenge To ‘Old’ View of Feminism“, 3. apríl 1995, sótt 19. ágúst 2022 af <https://archive.seattletimes.com/archive/?date=19950403&slug=2113707>.

⁴⁹ Stéphanie Genz og Benjamin A. Brabon, *Postfeminism. Cultural Texts and Theories*, bls. 71.

⁵⁰ Laura Kipnis, *Unwanted Advances. Sexual Paranoia Comes to Campus*, New York: HarperCollins, 2017, bls. 8.

Sjá má að hugsunarháttur sem kenna má við pósthfémínisma rímar illa við fjórðu bylgju fémínismans sem hefst í kringum 2017, metoo-hreyfinguna með áherslu sinni á aktívisma, því að standa með þolendum ofbeldis og vinna bug á þeirri meinsemd sem nauðgunarómennning er fyrir veruleika kvenna. Einnig má sjá hvernig ólík sýn á kynvitund kvenna hefur orðið til þess að gríðarleg innri átök og rifrildi hafa sprottið innan hinnar fémínísku hreyfingar sem hefur komið í veg fyrir einingu hennar.

Klámvæðing eða kynlífsbylting: Hugh Hefner og Playboy-veldið

Úr umhverfinu sem tekið var til greiningar hér að ofan sprettur greddu-fémínisminn í kringum 2000 en hann hvatti, eins og nafnið gefur til kynna, konur til þess að fagna óbeisluðum kynlífslöngunum sínum. Emily Kramer og Melinda Callagher stofnuðu vefsíðuna CAKE sem varð mjög vinsæl þar sem klámi og kynvæðingu var fagnað. CAKE hélt mánaðarleg partý í New York borg og London þar sem konur áttu að „kanna kynferði sitt og láta reyna á fémínismann með gjörðum sínum.“ Stofnendurnir héldu því fram að hér væri á ferðinni „ný kynlífsbylting þar sem kynferðislegt jafnræði og fémínismi mætast“: Hugh Hefner, stofnandi og eigandi *Playboy*, var sagður ein af hetjum hópsins.⁵¹

Hefner lést árið 2017 á *Playboy*-setrinu, í faðmi ástvina sinna. Tíðarandinn var augljóslega annar þá en hann er núna aðeins fimm árum síðar, því að fjölmiðlar ræddu ýmis „afrek“ hans, eins og að hafa verið fyrstur til að setja svarta konu á forsíðu tímarits, þremur árum á undan *Vogue* eða árið 1971. Rætt er um hann sem frumkvöðul, hann hafi skapað tímarit sem hafi verið á undan sínum samtíma hvað varðar ýmis málefni eins og kynþátt, kynferði og trúarbrögð. Hann er sveipaður goðsögulegum ljóma í minningargreinunum, rétt eins og í svo mörgum ritum sem fjölluðu um framlag hans til samtíma-menningarinnar.⁵² Steven Watts segir til dæmis um Hefner í bók sinni *Mr. Playboy*: „Líkt og Walt Disney í kvikmyndum, Muhammed Ali í íþróttum eða Elvis Presley í vinsælli tónlist, táknar Hefner persónulegan stíl, fantasíu.

⁵¹ Sjá Ariel Levy, *Female Chauvinist Pigs. Women and the Rise of Raunch Culture*, bls. 70–71.

⁵² Roisin O'Connor, „Hugh Hefner Created a Magazine That Was Decades a Head of its Time“, *Independent*, 29. september 2017, sótt 1. mars 2022 af <https://www.independent.co.uk/arts-entertainment/books/features/hugh-hefner-playboy-magazine-articles-sex-marilyn-monroe-bunnies-mansion-short-stories-comment-a7972031.html>

Hefner er stærri en lífið, goðsögn í nútímalegu bandarísku lífi og hefur haft gríðarleg áhrif á menningu okkar.⁵³ Hann hafi spilað lykilhlutverk í því að breyta bandarísku gildismati, hugmyndum og viðhorfum eftir seinna stríð og haft mótandi áhrif á hina nútímalegu kynlífsbyltingu. Jafnframt hafi hann tekið þátt í að skapa efnahagslegt blómaskeið Ameríku eftirstríðsáranna þar sem *Playboy* fangaði kjarnann í þrá þjóðarinnar.⁵⁴

Hugmyndin um Hefner sem brautryðjanda er meðal annars tengd því að hann setti á sínum tíma fjármuni í baráttuna um þungunarrofsréttindi og ýmis önnur femínísk málefni eins og að stuðla að lögleiðingu getnaðarvarnarpillunnar. Hann leit sjálfur (að minnsta kosti opinberlega) svo á að *Playboy* væri hluti af hinni femínísku gildisvæðingu og kynnti sig sem frjálsslyndan og hugrakkan helgimyndabrótt.⁵⁵ Hann sagði því að honum hefði komið á óvart hversu sterk andstaðan við hann var í hópi ýmissa femínista. Að hans mati náðu slíkir femínistar saman með íhaldssömum öflum sem tala fyrir heilagleika kvenlíkamans og hreintrúarstefnu. Sjálfur segir Hefner í viðtali í tímaritinu *Esquire* að femínisminn ætti að snúast um frelsið til að stunda kynlíf: „Konur voru þær sem aðallega nutu góðs af kynlífsbyltingunni. Ég leyfði þeim að vera náttúrulegar kynverur. Þarna átti femínisminn alltaf að vera. En því miður hefur femínisminn einkennst af áherslum sem eru hreintrúarlegar, forboðnar og andkynferðislegar.“⁵⁶ Það þarf samt ekki að grafa lengi til að finna yfirlýsingar frá Hefner sem varpa ljósi á hvers vegna svo mörgum femínistum var í nöp við kvenímyndir hans. Svona lýsir hann afstöðu sinni til *Playboy*-kanínunnar í viðtali frá 1967:

Í Ameríku hefur kanínan kynferðislega merkingu og ég valdi hana vegna þess að um er að ræða frísklegt dýr (e. *fresh animal*), feimið, fjörlegt, hoppandi – kynþokkafullt. Fyrst þefar hún af þér, síðan leggur hún á flóttu, svo kemur hún aftur, og þig langar til þess að strjúka henni, leika við hana. Stúlkan minnir á kanínu. Glæðleg, gamansöm. Hugsaðu um stúlkuna sem við höfum gert vinsæla.

⁵³ Steve Watts, *Mr. Playboy. Hugh Hefner and the American Dream*, Hoboken, NJ: John Wiley & Sons, Inc, 2008, bls. 1.

⁵⁴ Sama heimild, bls. 3, 4 og 8.

⁵⁵ Sama heimild, bls. 236. Sjá einnig Ariel Levy, *Female Chauvinist Pigs. Women and the Rise of Raunch Culture*, bls. 59.

⁵⁶ Wil S. Hylton, „Hugh Hefner, What I’ve Learned“, *Cosmopolitan*, 23. júní 2015. Upphaflega birtist viðtalið í júníhefti *Esquire* árið 2002. Sótt 15. ágúst 2022 af <https://www.cosmopolitan.com/entertainment/news/a42407/hugh-hefner-what-ive-learned/>

Leikfélagi mánaðarins. Hún er aldrei veraldarvön, einhver sem þú getur í raun ekki fengið. Hún er fremur ung, hraust, einföld stúlka, stúlkan í næsta húsi. Við höfum ekki áhuga á dularfullu, erfiðu konunni, tálkvendinu, sem klæðist þokkafullum blúndunærfötum og er sorgleg og á einhvern hátt andlega skítug. Playboy-stúlkan er ekki í blúndu, engum nærfötum, hún er nakin, vel skrúbbuð með sápu og vatni og hún er hamingjusöm.⁵⁷

Ariel Levy segir augljóst að tvöfalt siðgæði hafi einkennt heimspeki Hefner og að kynlífsbyltingin sem hann boðar virðist aðeins eiga við um karla. Konurnar sem hann umgekkst áttu að sýna honum tryggð og ósiðlegt hafi verið fyrir konur að stunda frjársar ástir ólíkt körlum. Í augum hans voru þær aðeins kynferðisleg viðföng: „Ég leita ekki að jafnræði á milli karla og kvenna. Ég er hrifinn af saklausum trúum konum [...] Félaglega, andlega, nýt ég þess meira að vera með körlum. Þegar ég vil tala, hugsa, þá er ég með körlum.“⁵⁸

Bókmenntaprófessorinn Camille Paglia er ein af þeim sem hefur stutt Hugh Hefner. Paglia skilgreinir sig sem frjálslýndan femínista og er meðal annars á móti því að lög séu sett gegn vændi, klámi, eiturlyfjum og þungunarrofi. Hún studdi til að mynda á sínum tíma frumvarp þess efnis að lækka samræðisaldurinn niður í fjórtán ár. Bók Paglia *Sexual Personae* frá 1990 varð metsölubók og var töluvert lofuð en er þó einnig umdeild, en hún hefur meðal annars verið skilgreind sem kraftmikill fraudískur lestur á vestrænni list. Paglia hefur verið gagnrýnd fyrir að vera ekki femínisti eða fyrir að vera andfemínisti og styðja við karlveldi og karllæg yfirráð. Gloria Steinem sem var einn helsti talsmaður kvennabaráttunnar á sjöunda áratugnum, hefur sagt að það að Paglia kalli sig femínista sé svolítið eins og að vera nasisti sem segi að hann hati ekki gyðinga. Paglia lýsir Steinem hins vegar á móti sem „Stalín femínismans“. Hún og Susan Faludi séu fulltrúar öfgafullrar, femínískrar hugmyndafræði sem þær hafi gert að nýjum trúarbrögðum og hafi með því leitt venjulegt fólk frá femínismanum.⁵⁹

⁵⁷ Sjá Ariel Levy, *Female Chauvinist Pigs. Women and the Rise of Raunch Culture*, bls. 57–58. Greinarmunur Hefners á sakleysi og hraustleika og svo konum sem eru andlega skítugar er sérstaklega forvitnilegur í ljósi ummæla Sondra Theodore fyrrum Playboy-fyrirsætu og kærustu Hefners sem ég ræði síðar í greininni um það hvernig sakleysi og fegurð ungu fyrirsætanna skolaðist burt á setrinu (sjá tilvitnun í Theodore fyrir ofan neðanmálgrein 67).

⁵⁸ Sama heimild, bls. 59.

⁵⁹ Sjá Jeanie Pyun, „Camille Paglia on Hugh Hefner’s Legacy, Trumps Masculinity

Til þess að átta sig á orðræðunni sem var í gangi þegar Hefner lést árið 2017 er forvitnilegt að skoða svar Pagliu við því hvort *Playboy*-stofnandinn hafi verið kvenhatari en svar hennar er um margt dæmigert fyrir samfélagsviðhorfin mánuðina áður en metoo-hreyfingin brast á með fullum þunga og þau viðhorf sem enn einkenna samfélagsumræðuna hjá þeim sem helst er í nöp við hinar nýju femínísku hreyfingar. Í svarinu má sjá hversu djúp gjáin er á milli þeirra sem aðhylltust pósthemínisma og aðra bylgjuna: „Algörlega ekki! Aðalatriðið í viðhorfi mínu til femínisma sem er hliðhollur kynlífi (e. *pro-sex feminism*), er að allur fögnuður yfir hinum kynferðislega líkama er jákvæður. Önnur bylgja femínismans fór út af sporinu vegna þess að hún gat ekki tekist á við erótískar ímyndir, sem hafa verið megineinkenni vestrænnar listasögu allt frá grískri nekt fram á vora daga.“⁶⁰

Pamela Anderson var ein af mörgum sem hylltu Hefner í minningargrein um hann árið 2017. Þar segir hún meðal annars:

Þú kenndir mér allt sem skiptir máli um frelsi og virðingu. Fyrir utan fjölskyldu mína varstu mikilvægasta manneskjan í lífi mínu [...]. Þú sagðir að tímaritið væri um stúlku eins og mig. Að ég væri ímynd andans sem fantasíur þínar snúast um. Þú varst sú eina. Sagðir þú. Vertu hugrökk, heyri ég þig segja. Það eru engar reglur. Lifðu lífi þínu, ég er stoltur af þér. Það eru engin mistök. Og ekki heldur með körlum – njóttu.⁶¹

Sumar kvennanna sem búið höfðu á setri Hefners skrifuðu hjartnæmar minningargreinar um hann og töluðu um hvernig hann hefði breytt lífi þeirra og „gert þær að því sem þær eru í dag.“ Hann hafi verið óþekkur, umhyggjusamur leiðbeinandi (e. *naughty, avuncular mentor*).⁶² Kim Kardashian og Paris Hilton voru einar af þeim mörgu stjörnum sem heiðruðu minningu hans

and Feminism's Sex Phobia“, *The Hollywood Reporter*, 2. október 2017, sótt 1. mars 2022 af <https://www.hollywoodreporter.com/news/general-news/camille-pagliughugh-hefners-legacy-trumps-masculinity-feminisms-sex-phobia-1044769/>

⁶⁰ Sama heimild.

⁶¹ Sjá t.d. Stewart Perrie, „Pamela Anderson Sparks Concern Over ‘Strange’ Hugh Hefner Tribute“, *Lad Bible*, 28. september 2017, sótt 1. mars 2022 af <https://www.ladbible.com/news/news-celebrity-pamela-anderson-sparks-concern-over-strange-hugh-hefner-tribute-20170928>.

⁶² Sjá Molly Redden, „Effusive Hugh Hefner Tribute Ignore Playboy Founder's Dark Side“, *The Guardian*, 29. september 2017, sótt 1. mars 2022 af <https://www.theguardian.com/media/2017/sep/28/hugh-hefner-playboy-founder-91-dark-side>

opinberlega og í netmiðlum var sagt að þær sem hafi verið óaðskiljanlegar í kringum 2000 hafi nú loksins náð saman aftur í andlátí Hefners.⁶³ Á sama tíma voru viðbrögð margra femínista, svo sem Susan Brownmiller og Gloriu Steinem, á sjöunda og áttunda áratugnum rifjuð upp en einnig frásögn leikstjórans Peter Bogdanovich á ábyrgð Playboy-veldisins í morðinu á fyrrum ástkonu hans Dorothy Stratten sem hafði gifst manningum sem myrti hana, Paul Snider, til þess að fá frið fyrir ágangi Hefners. Á setrinu hafi henni verið gefið dóp og hún þvinguð til kynlífs með mörgum körlum. Stratten hafi skrifað ljóð um setrið þar sem hún lýsti því sem stað þar sem allt hafi verið til staðar nema ást: „Þetta Disneyland [...] þar sem fólkíð er tækin.“⁶⁴

Blaðamaðurinn Suzanne Moore rifjaði það upp eftir andlát Hefners í *The Guardian* að hún hafi löngu áður kallað hann „pimp“ eða melludólg og hann hótaði að lögsækja hana. Hefner væri andstæða kvenfrelsis og Playboy-setrið hafi verið „dýragarður/kvennabúr/vændishús.“ Endurnýjanlegu ljóskurnar hans þurfu að lúta útgöngubanni, fengu frá honum vasapening og var bannað að fá heimsóknir eða eignast kærasta.⁶⁵

Holly Madison hefur opnað sig um tímamann sem hún var í sambandi sínu við Hefner en árið 2015 gaf hún út bókina *Down the Rabbit Hole* um reynsluna af því að búa á setrinu. Hún notar orðið Stokkhólmsheilkenni til að lýsa upplifun sinni af kynferðissambandi sem hafi einkennst af kúgun, stýringu og valdamismun, þar sem allar konurnar þurftu að vera með sama útlit og eiturlyf voru notuð til að fá konur til að stunda kynlíf. Hefner á að hafa svarað henni á þennan veg þegar hún vildi ekki taka lyfin sem henni voru rétt: „yfirleitt er ég ekki hlynntur dópi, en þú veist að á áttunda áratugnum voru þeir vanir að kalla þessar pillur „læraopnara“.“⁶⁶ Dagarnir hafi verið þaulskipulagðir frá morgni til kvölds og þær neyddar til kynferðislegra athafna. Stúlkurnar máttu ekki tjá sig þegar Hefner var í viðtölum eða tala um

⁶³ Greg Evans, „Kim Kardashian and Paris Hilton Have Been Brought Together by Hugh Hefner’s Death“, *Indy 100*, 29. september 2017, sótt 1. mars 2022 af <https://www.indy100.com/news/kim-kardashian-paris-hilton-hugh-hefner-death-playboy-reunion-friendship-twitter-text-messages-7973761>.

⁶⁴ Peter Bogdanovich, *The Killing of the Unicorn. Dorothy Stratten 1960–1980*, New York: William Morrow, 1984, epub, loc, 51: „This Disneyland [...] where people are the games“.

⁶⁵ Suzanna Moore, „I Called Hugh Hefner a Pimp, he Threatened to Sue. But That’s What He Was“, *The Guardian*, 28. september 2017, sótt 1. mars 2022 af <https://www.theguardian.com/commentisfree/2017/sep/28/hugh-hefner-pimp-sue-playboy-mansion>.

⁶⁶ Holly Madison, *Down the Rabbit Hole. Curious Adventures and Cautionary Tales of a Former Playboy Bunny*, HarperCollins, epub útgáfa, 2015, loc. 47.

lífið á setrinu. Madison tekur svo undir með Suzanne Moore að stúlkunum hafi verið bannað að fara út eftir klukkan 9 á kvöldin og að þær hafi ekki fengið heimsóknir.⁶⁷

Frásögn Madison er sérstaklega áhugaverð þegar horft er til þess hvað einkenndi umfjöllunina um Hefner dagana eftir andlát hans, einnig hér á landi. Í frétt í *Vísir* sem bar nafnið „Maðurinn sem synti gegn straumnum“ er rakin sú skoðun að Hefner hafi „dregið umræðuna um kynlíf úr skugganum og barist fyrir auknu tjáningarfrelsi og mannréttindum“ og þótt aðeins sé vikið að nauðgunarásökunum undir lokin eru þær nánast aukaatriði.⁶⁸ Lýsingar Hefners á sjálfum sér eru ráðandi í fréttinni þar sem hann skipar jafn mikilvægan sess í að breyta viðhorfi almennings til kynlífs og Wright-bræður skipta máli fyrir flugið og Thomas Alva Edison fyrir þróun rafmagnsljóssins. Hann verður brautryðjandi eins og fyrirsögnin ber með sér en hún stingur óneitanlega í stúf núna fimm árum síðar þegar athyglin beinist í auknum mæli að líkamlegu og tilfinningalegu ofbeldi Hefners.

Í tíu þátta heimildarmynd *Secrets of Playboy* sem sýnd var á A&E árið 2022 eru þessar gömlu ásakanir ítrekaðar, meðal annars að dóp hafi verið notað til að þvinga fram kynlíf og að konurnar hafi verið neyddar til að stunda hóp kynlíf. Myndavélar og hljóðnemar hafi verið alls staðar á eigninni og meðal annars notuð sem stýringar- og kúgunartæki. Sondra Theodore fyrrum Playboy-fyrirsæta og kærasta Hefners segir: „Ég sá stúlku eftir stúlkunni birtast, saklausar, fallegar og fegurð þeirra skolaðist bara á brott. Við vorum ekkert í hans augum. Hann var eins og blóðsuga. Hann saug lífið úr þessum stúlkum áratugum saman. Þessi reynsla braut mig algjörlega, eins og þú brýtur hest niður.“⁶⁹ Tvíbúrasysturnar Kristína og Karissa Shannon eru einar af þeim sem ræða áfallastreituröskun og þunglyndi vegna meintra þvingana Hefners og nauðgana.⁷⁰ Eftir áralanga þöggunartilburði verður nú sífellt erfiðara að huns þessar frásagnir fórnarlamba Hefners.⁷¹ Meira að

⁶⁷ Sama heimild, loc. 61, 82 og 150.

⁶⁸ Samúel Karl Ólason, „Maðurinn sem synti gegn straumnum“, *Vísir*, 28. september 2017, sótt 1. mars 2022 af <https://www.visir.is/g/2017993753d>.

⁶⁹ *Secrets of Playboy*, „The Playboy Legacy“ (1:2) og „The Circus“ (1:5), streymisveita A&E, 2022. Sjá einnig Kristján Kristjánsson, „Hóp kynlíf fimm sinnum í viku braut mig algjörlega niður“, *DV*, 21. janúar 2022, sótt 1. mars 2022 af <https://www.dv.is/pressan/2022/1/21/hopkynlif-fimm-sinnum-viku-braut-mig-algjorlega-nidur/>.

⁷⁰ Ingunn Lára Kristjánsdóttir, „Tvíbúrar lýsa kynferðisofbeldi í Playboysetrinu“, *Fréttablaðið*, 9. desember 2021, sótt 1. mars 2022 af <https://www.frettabladid.is/frettir/tviburar-lysa-kynferdisofbeldi-i-playboy-setrinu/>.

⁷¹ Þetta er sérstaklega áhugavert vegna þess að meira að segja krítískar greiningar á

segja PLBY samtökin sem sjá um eignir og rekstur á tímaritinu *Playboy* gáfu út yfirlýsingu þess efnis að þau stæðu ekki með fyrrum stofnanda og ritstjóra tímaritsins: „Playboy dagsins í dag er ekki Playboy Hughes Hefner. Við treystum og berum virðingu fyrir þessum konum og sögum þeirra og við styðjum eindregið þessa einstaklinga sem hafa stigið fram og deilt reynslu sinni.“⁷²

Segja má að Hefner hafi lokið ferli sínum á sama hátt og hann hófst og tekist um leið að ögra öllum heiminum um ókomna tíð með hinsta hvílustað sínum. Áratugum áður keypti hann nektarmyndir af Marilyn Monroe þar sem hún sat fyrir sem Norma Jean, löngu áður en hún varð fræg, og birti þær í fyrsta hefti *Playboy* árið 1953 án hennar vitneskju eða samþykkis. *Playboy* varð strax gríðarlega vinsælt og seldist í 50 þúsund eintökum.⁷³ Löngu síðar bætti Hefner gráu ofan á svart og fjárfesti í grafhvelfingunni við hliðina á gróf ljóshærðu helgimyndarinnar og þar hvílir hann nú næst henni í Westwood-kirkjugarðinum í Los Angeles. Hefner sagði við *Los Angeles Times* árið 2009: „Ég trúí á táknræna hluti. Að eyða eilífðinni við hliðina á Marilyn er of ljúft til þess að láta það fram hjá sér fara.“⁷⁴ Og við *CBS Los Angeles* árið 2012 segist hann vera: „veikur fyrir ljóskum og hún er æðsta ljóskan. [...] Þetta snýst um það að leiða eitthvað til lykta. Ég mun eyða því

Playboy-lífsstílnum snerust fremur um þroskaleysi Hefners (rétt eins og gerðist lengi vel í umfjöllunum um Michael Jackson og Neverland-setur hans) en um greiningu og kynferðisofbeldi. Sjá t.d. innganginn að bók Russells Miller, *Bunny. The Real Story of Playboy* (New York, A Plume Book, 1984, bls. ix–x) en Miller er einn af viðmælendum í þáttaröðinni *Secrets of Playboy*. Í bók sinni lýsir Miller Playboy-kónginum sem manni sem vill ekki fullorðnast og fyllir húsið sitt af leikföngum og sælgæti. Með því að leggja áherslu á þroskaleysi Hefners er horft fram hjá honum sem aðlaðara (e. *groomer*) en Playboy-setrið er fantasíuheimur og Hefner laðar ungu konurnar til sín með lofordum um frægð og spennandi lífsstíl á meðan Jackson reisti skemmtigarð á landareign sinni til þess að laða til sín börn. Sigrún Margrét Guðmundsdóttir ræðir Neverland-setrið á þessum forsendum í grein sinni „Hann er bara á vondum stað“. Reimleikahús í kvikmyndinni *Rökkri* eftir Erling Ottar Thoroddsen“, *Ritið* 1/2019, bls. 101–136, hér bls. 118 og 129–130.

⁷² Josie Ensor, „Playboy Distances itself from Hugh Hefner as Bunnies Describe Culture of Drugging and Abuse“, *The Telegraph*, 24. janúar 2022, sótt 1. mars 2022 af <https://www.telegraph.co.uk/world-news/2022/01/24/playboy-backs-bunnies-disturbing-hugh-hefner-allegations-emerge/>.

⁷³ Elahe Izadi, „Marilyn Monroe helped launch Hugh Hefner's career. But they never even met“, *The Washington Post*, 28. september 2017, sótt 1. mars 2022 af <https://www.washingtonpost.com/news/arts-and-entertainment/wp/2017/09/28/marilyn-monroe-helped-launch-hugh-hefners-career-but-they-never-even-met/>.

⁷⁴ Sama heimild.

sem eftir er af eilífðinni við hlið Marilyn.⁷⁵ Þetta vakti skiljanlega töluverða athygli og tvítaði einn netverji að nú héldi Hefner áfram „að áreita konur jafnvel í framhaldslífi sínu.“⁷⁶

Beðmál í borginni: Nýfrjálsbyggja eða femínismi?

Fögnuð yfir óbeisluðu kynferði má sjá víða í dægurmenningunni í kringum aldamótin og í síðari hluta þessarar greinar verður augum sérstaklega beint að sjónvarpsþáttaröðinni *Sex and the City* en hún snýst um vinkvennahóp á fertugsaldri, ástarmál þeirra, sambönd og verslunarferðir.⁷⁷ Á þriðja ári hennar býður Samantha Jones (Kim Cattrall) vinkonum sínum í Playboy setrið í þættinum „Sex and Another City“, þar sem þær hitta Hugh Hefner. Áhugavert er að þættirnir skuli heiðra jafn umdeildan mann eins og Hefner og augljóst er að hann er nokkurs konar átrúnaðargoð Samönthu. Þrátt fyrir að vinkonurnar eigi illa heima í þessum veruleika, falli ekki inn í hann og séu að lokum reknar út af vörðum setursins, þá halda þættirnir á lofti goðsögunni sem sveipar ímynd Playboy-kóningsins og taka mögulega undir það sjónarmið að hann hafi haft frelsandi áhrif á kynvitund fólks á Vesturlöndum.

Hentug leið til þess að skoða birtingarmyndir póstfemínismans í samtíma menningunni er að skoða hvernig *Sex and the City* snýst um getu einstaklingsins til þess að móta sjálfsveru sína óháð áhrifum annarra (e. *selfgovernance*), jákvæða sýn á neyslumenningu og viðhorf aldamótakynslóðarinnar

⁷⁵ „Hugh Hefner Talks About his Memories of Marilyn Monroe“, *CBC Los Angeles*, 3. ágúst 2012, sótt 1. mars 2022 af <https://losangeles.cbslocal.com/2012/08/03/hugh-hefner-talks-about-his-memories-of-marilyn-monroe/>.

⁷⁶ Zena Wosniak, „Is it too soon to joke about Hefner making unwelcome advances at women even in the afterlife?“, *Twitter*, sótt 1. mars 2022 af <https://twitter.com/creativeswap/status/913534950938353664>. Hugmyndin um kynferðisofbeldi sem nær út fyrir gróf og dauða verður enn grófari þegar haft er í huga að karlinn sem hvílir í hólfinu fyrir ofan Monroe, Richard Poncher, var grafinn á grúfu svo að andlit hans og Monroe sneru saman. Poncher hafði haft leikkonuna á heilanum næstum allt sitt líf og svona hvílir hann ofan á henni, nánast í trúboðastellingunni. Sjá Stephanie Kaloi, „An LA Businessman’s Last Wish Was To Buried Face Down Above Marilyn Monroe And He Got It“, *Little Things*, 3. febrúar 2022, sótt 1. mars 2022 af <https://littletthings.com/entertainment/los-angeles-businessman-marilyn-monroe/4448547-7>. Sjá einnig Guðrún Ósk Guðjónsdóttir, „Sorglegi sannleikurinn á bak við gróf Marilyn Monroe“, *DV*, 6. apríl 2022, sótt 6. apríl 2022 af <https://www.dv.is/fokus/2022/04/06/sorglegi-sannleikurinn-bak-vid-grof-marilyn-monroe/>.

⁷⁷ *Sex and the City* (1998–2004), sjónvarpsstöð HBO, höf. Darren Star, leikarar, Sarah Jessica Parker, Kim Cattrall, Kristin Davis og Cynthia Nixon.

til kynfrelsis kvenna eins og hún var sett fram af raunch-kynslóðinni. Þátturinn „Sex and Another City“ segir, eins og áður kom fram, frá því þegar söguhetjurnar fjórar mæta í party í Playboy-setur Hefners og því er ekki að neita að honum er lyft á stall með veru sinni í þáttunum. Heimsóknin á að gefa til kynna hversu vel tengd Samantha sé að fá jafn eftirsóknarvert boð þar sem stjórnur og annað frægt fólk eru tíðir gestir og taka þátt í villtum veisluhöldum.⁷⁸

Hugsanlega má þó halda því fram að þátturinn varpi fram spurningum um hvað sé ekta og hvað falskt og gefi með því til kynna að vinkonurnar passi ekki inn í heim þar sem konurnar eru með gervibrjóst, klæddar upp og hlutgerðar sem kanínur með það í hug að gera fantasíur karlsins að veruleika. Slík túlkun væri áréttuð í sjálfri frásögninni í því að fyrir veisluna hefur Samantha keyrt um í tvo tíma í Los Angeles til þess að næla sér í falsaða Fendi-tösku en svo tapað henni í veislunni. Hún ásakar eina af kanínum Hefners um að hafa stolið töskunni en taska kanínunnar reynist vera ósvikin Fendi og verðir koma og fleygja Samönthu út ásamt vinkonum hennar. Samantha hefur kannski ekki aðgang að sannri merkjavöru eins og kanínurnar en hún er samt annað og meira en einfeldningsleg birtingarmynd draumóra karlveldisins um kynferði kvenna. Hún er of sjálfstæð, of frökk og með of sterka sjálfsmmynd til þess að passa inn í slíkt hlutverk. Hún er virk kynvera en á sínum eigin forsendum og býr sér til sitt eigið heimspekikerfi sem hún lifir eftir. En þrátt fyrir þetta er hvergi að finna beina gagnrýni á Playboy-kónginn í þættinum eða það sem hann stendur fyrir og það er óneitanlega áhugavert að sjá hvernig rödd jafn umdeilds manns eins og Hughes Hefner fær hljómgrunn í póstheminískum boðskap þáttaraðarinnar. Markmiðið með hugmyndafræðinni átti aldrei að snúast um hlutgervingu mótaða á karllægum fantasíum karla, hvað þá ósamþykkt kynhegðun sem leiði til niðurbrots sjálfsverunnar, heldur átti konan sjálf að vera við stjórnvölinn sem virk og sjálfstæð kynvera líkt og í tilfelli Samönthu.

Í *Sex and the City* má sjá hvernig væntingum og minnum úr eldri kvennamyndum er snúið upp í eitthvað nútímalegra og túlkunarkrafa handritshöfundanna í ofangreindri senu og öðrum er sú að frásögnin sé femínísk eða þjóni kvenlegu sjálfstæði. Það má jafnframt spyrja sig hvort sagan sem Carrie Bradshaw (Sarah Jessica Parker) segir í þáttaröðinni grafi undan hefðbundnum hugmyndum um kynhlutverk í frásögnum sem snúast um líf og reynslu kvenna. Er hægt að fullyrða að meginspurning *Sex and the City* sé

⁷⁸ Um gestalistana má m.a. fræðast í *Secrets of Playboy* (1:1).

eftirfarandi: „hvað vilja konur?“⁷⁹ Söguhetjurnar fjórar upplifa kynhlutverkin á eigin forsendum. Og þær þurfa sjálfar að ákveða hvar þær eru staddar í samböndum sínum.

Stærsti munurinn á konunni sem kynferðisveru í póstheminískum frásögnum og hefðbundum ástarsögnum felst líklega í því að nú er konan orðin virk kynvera sem nýtur kynlífs sjálfrar sín vegna. Hún er sér meðvituð um kynþokka sinn og tælir karla, oft af alvöruleysi og án þess að hafa skuldbindingu í huga. Það er síðan spurning hvort kona sem er kynferðislega virk í staðinn fyrir að vera óvirkt viðfang kynferðilegs gláps sé endilega sjálfstæð og velta má því fyrir sér hvort þessi virka kynvera falli inn í staðlaða kvenímynd nýs áhrifahóps, hvort um sé að ræða sögur af konum sem eru hvítar, gagnkynhneigðar og á þrítugs- og fertugsaldri.⁸⁰ Þessar áherslur hafa lengi vel verið gagnrýndar og nefna má að efnistökin í framhaldspáttum *Sex and the City*, *And Just Like That...* sem hófu göngu sína á HBO Max í desember 2021, eru fjölmennigarlegri því að nú eignast Miranda Hobbes (Cynthia Nixon) og Charlotte York (Kristin Davis) svartar vinkonur og Carrie vinkonu af indverskum uppruna. Þættirnir segja frá vinkonunum þremur og gerast ellefu árum eftir seinni kvikmyndina *Sex and the City 2* en persónan Samantha Jones er ekki með í sögunni þrátt fyrir að minnst sé á hana öðru hvoru. Þættirnir segja frá fjölskyldulífi þeirra, börnum, vináttusamböndum, breytingaskeiðinu, starfsferli, skilnaði og því að missa makann sinn en Big deyr í fyrsta þættinum. Einnig vinna þættirnir á nýjan hátt með kyn og kyngervi, viðfangsefni eins og samkynhneigð, auk þess sem kynsegin menning og kynusli eru fyrirferðarmeiri í söguþræðinum núna en í gömlu þáttaröðinni og hvítu vinkonunum gengur misvel að aðlagast nútímalegum viðhorfum. Þótt fordómar þeirra séu afhjúpaðir brýst líka í gegn viljinn til þess að læra og gera betur. Þær hafa auk þess elst því að nú eru þær á sex-tugsaldri og því ekki lengur í sömu valdastöðu og áður.⁸¹

Minna má á að póstheminisminn er eins og áður sagði einnig mótaður af

⁷⁹ Alda Björk Valdimarsdóttir, *Jane Austen og ferð lesandans*, bls. 168-169. Sjá einnig A. Rochelle Mabry, „About a Girl. Female Subjectivity and Sexuality in Contemporary ‘Chick Culture’“, *Chick Lit. The New Woman’s Fiction*, ritstj. Suzanne Ferriss og Mallory Young, New York og London: Routledge, 2006, bls. 198.

⁸⁰ Mikilsvert er að minna á að ýmsir höfundar snúa á meðvitaðan hátt út úr stöðluðum ímyndum með því að heimfæra þær á aðra samfélagshópa, eins og t.d. svartar konur. Lisa A. Guerrero fjallar um þetta í „Sistahs Are Doin’ It for Themselves“. *Chick Lit in Black and White*, *Chick Lit, The New Woman’s Fiction*, bls. 87-101.

⁸¹ Sjá *And Just Like That ...*, sjónvarpsstöð: HBO Max, höf.: Darren Star, 2021-, leikarar Sarah Jessica Parker, Cynthia Nixon og Kristin Davis.

gegnumskýrandi áhrifum nýfrjálshyggjunnar þar sem áhersla er lögð á bætandi umbreytingarmátt og sjálfsaga sem útskýrir áherslu þáttanna á tísku, verslunarferðir, snyrtivörur og útlitið almennt. Gill og Sharff ræða sambandið á milli nýfrjálshyggju og póstfémínisma í bók sinni *New Femininities* en mikilvægt er að hafa þau tengsl í huga þegar þáttaraðirnar tvær eru greindar. Bæði nýfrjálshyggja og póstfémínismi mótast af hugmyndinni um sjálfstæða einstaklinga sem láta ekki undan þrýstingi, eða eru undir áhrifum af öðrum. Hin sjálfstæða, útsmogna, eiginhagsmunastýrða sjálfsvera nýfrjálshyggjunnar er því um margt lík hinni virku, sjálfsköpuðu póstfémínísku sjálfsveru. Gill og Sharff spyrja hvort nýfrjálshyggjan sé þegar bundin við kyngervi sem sé sérstaklega beint að konum?⁸²

Þótt *And Just Like That...* sé framleidd tveimur áratugum á eftir *Sex and the City* eru áherslurnar um margt enn keimlíkar. Eitt meginviðfangsefni þáttaraðarinnar er kyngervi í öllum sínum birtingarmyndum og ólíku konurnar ná saman í sameiginlegum áhugamálum, sem eru meðal annars karlmenn, fatakaup, tíska, barnauppeldi, fasteignakaup, matarboð, heilsa og svo má sjá hinsegin aktívisma með kynsegin persónunni Che Diaz (Sara Ramirez) sem verður elskhugi Miröndu. Líkt og í *Sex and the City* er áherslan á frelsi til að velja, sjálfstæði, einstaklingshyggju og sambönd innan stórborgarinnar en konurnar eru þó bundnari við heimilið en áður, fortíðina og það sem þær hafa þegar valið í lífinu. Che rífur vinkonurnar út úr viðjum vanans, sérstaklega Miröndu, en Che skammar einnig Carrie og afhjúpar um leið að hin síðarnefnda nær ekki takti ungu kynslóðarinnar. „Þú verður að fylgja flæðinu eða tröllin munu stimpla þig sem stífa, sískynja konu, gifta dömu. Það er ekki það sem þú ert.“ Carrie afsakar sig með því að segja „dagurinn í dag varð svolítið „raunchy““ – og minnir með orðavali sínu á að hún tilheyrir kynslóð kvenna sem finnur ekki alveg hljómgrunn í grófu tungumáli unga fólksins um leið og hún grípur til hugtaks sem var kynslóð hennar tamt.⁸³

Áherslan í *Sex and the City* er á einhleypu borgarkonuna í neytlusamfélaginu en vinkonurnar fjórar efast um að hjónabandið svali þörfum þeirra, fyrir utan Charlotte sem sker sig frá andrúmslofti þáttanna. Þær sjást ekki sinna heimilisverkum og fara yfirleitt ekki úr háhæluðu skónum eða tískufötunum. Löng hefð er fyrir frásögnum af lífi kvenna í borgum og handritshöfundarnir voru sér meðvitaðir um bókmenntahefðina sem frásögnin rís

⁸² Rosalind Gill og Christina Scharff, „Introduction“, *New Femininities. Postfeminism, Neoliberalism and Subjectivity*, bls. 7.

⁸³ *And Just Like That ...*, „Hello It’s Me“ (1:1).

úr, eins og rithöfundurinn Amy Sohn hefur bent á en hún skrifaði leiðarvísni með þáttaröðinni:

Ég reyni að gefa Carrie sögulegt samhengi með það í huga að skoða hvernig hún passar inn í umhverfi sitt og hver hún telur sig vera. Carrie á heima í klassíkinni [...]. Um er ræða svolítið af Holly Golightly, svolítið af höfundum sem skrifa fyrir *The New Yorker*. Þetta er Edith Wharton, Evelyn Waugh og F. Scott Fitzgerald. En Carrie er líka afurð síns tíma.⁸⁴

Þættirnir *Sex and the City* eru samkvæmt þessari greiningu sögur af daglegu lífi einhleyptra millistéttarkvenna í New York. Borgin verður þannig mikilvægur bakgrunnur frásagnarinnar, eins og sú stétt sem vinkonurnar tilheyrja, rétt eins og í verkunum sem Sohn vísar til, sögum eins og *The Age of Innocence* eftir Edith Wharton, *Breakfast at Tiffany's* eftir Truman Capote og kvikmynd Leos McCarey *An Affair to Remember* (1957) þar sem Cary Grant og Deborah Kerr leika aðalhlutverkin. En handritshöfundarnir leitast líka við að setja stefnumótamenningu í annað samhengi þar sem staða kvenna er orðin önnur en hún var á níttjándu og tuttugustu öldinni. Aðalpersónan, Carrie Bradshaw, dregur þessa túlkunarforsendu skýrt fram strax í fyrsta þættinum, „Sex and the City“: „velkomin í Öld ósakleysisins. Enginn fær sér Morgunmat á Tiffany og enginn á í Eftirminnilegum kynnum.“⁸⁵

Hjónaband og dauði í pósthómínískri hugmyndafræði

Á tíunda áratugnum vakti einhleypa konan upp heitar pólitískar umræður um val þeirra kvenna sem kusu að búa einar og vildu ekki fjölskyldu. Halda má því fram að þættirnir endurspegli þessar deilur um leið og þeir varpi ljósi á breytingar á högum kvenna á árunum kringum síðustu aldamót. Ashley Nelson segir frá því í grein sinni „Sister Carrie meets Carrie Bradshaw“ að ári eftir að þættirnir hófu göngu sína hafi tímaritið *Cosmopolitan* varað við einhleypum konum og sagt að ef þú giftir þig ekki á þrítugsaldri þá fari þér að líða fáránlega.⁸⁶ Þættirnir takast á við spurningar eins og þessar um líf

⁸⁴ Amy Sohn, *Sex and the City. Kiss and Tell*, New York: Pocket Books, 2002, bls. 22. Holly Golightly er aðalsöguhetja nóvelli Trumans Capote *Breakfast at Tiffany's* frá 1958.

⁸⁵ *Sex and the City*, „Sex and the City“ (1:1): „Welcome to the age of “uninnocence”. No one has ‘Breakfast at Tiffany’, and no one has ‘Affairs to Remember’“.

⁸⁶ Sjá Ashley Nelson, „Sister Carrie meets Carrie Bradshaw exploring progress,

nútímakonunnar og þeir gefa til kynna að það sé ýmislegt eftirsóknarvert við líf einhleypra kvenna. Einn af framleiðendum Michael Patrick King hefur sagt: „Við fáum að segja það sem enginn myndi nokkru sinni segja við einhleyp fólk á fertugsaldri, sem er að kannski sé líf þeirra betra en líf þeirra giftu. En við sýnum einnig vandamálin hjá þeim einhleypu, vandamálin hjá þeim sem eru giftir auk þess sem við segjum frá ástinni í lífi þeirra sem eru giftir.“⁸⁷

Nokkuð augljóst er að þættirnir fagna einhleypu konunni en henni er gjarnan stillt upp andspænis giftu konunni og móðurinni sem eru óspennandi í samanburðinum. Þrátt fyrir yfirlýsingar Michael Patrick King verður ekki séð að þættirnir velti sér upp úr vandamálum þess að vera einhleyp kona. Áhugavert er að strax á fyrsta ári seríunnar birtist gifta konan og móðirin á fremur gróteskan hátt, jafnvel sem nokkurs konar úrkast. Gömul vinkona kvennanna fjögurra er ófrísk og býður þeim í sængurgjafaveislu þar sem markvisst er dreginn fram munurinn á heimi hinna einhleypu og giftu kvennanna en þær eru kjánalegar og virðast vansælar. Ein þeirra segir að sonur sinn sé „guð og ég segi honum það á hverjum degi.“ Miranda verður svo leið á konunum og börnunum í veislunni að hún segir við Carrie að nornin í Hans og Grétu hafi verið misskilin. „Hún hafi byggt draumahúsið sitt og síðan hafi þessar frekjudósir komið og byrjað að éta það.“ Samantha heldur í kjölfarið „ég-á-ekki-barn-veislu“ til þess að sýna öllum hversu „stórkostleg“ hún sé. Kasólétt vinkona þeirra, sú sem hélt sængurgjafaveisluna, mætir og gerir sig að athlægi þegar hún ætlar að strippa fyrir gestina líkt og hún gerði á sínum eigin djammárum.⁸⁸ Gifta konan og móðirin eru þannig sýndar sem ringlaðar, ráðvilltar manneskjur sem eru jafnvel orðnar félagslega og tilfinningalega heftar.

Þættirnir leggja einnig áherslu á óhamingju þeirra sem gifta sig. Kunningjakona Carrie giftir sig í þættinum „The Turtle and the Hare“. Eftir

politics and the single woman in *Sex and the City* and beyond“, *Reading Sex and the City*, ritstj. Kim Akass og Janet McCabe (London og New York: I.B. Tauris, 2004), bls. 83–95, hér bls. 85. Sjá einnig Pamela Paul, *The Starter Marriage and the Future of Matrimony*, New York: Villard Books, 2002, bls. xvi. Sister Carrie er vísun í samnefnda stórborgarfrásögn bandaríska rithöfundarins Theodores Dreiser frá 1900 og þótt sögusviðið þar sé Chicago en ekki New York er skáldsagan ein mikilvægasta fyrirmynd borgarsögunnar í bandarískri menningu. Skáldsagan hefur komið út á íslensku í þýðingu Atla Magnússonar (*Carrie systir*, Reykjavík: Bókaútgáfan Skjaldborg, 1999).

⁸⁷ Amy Sohn, *Sex and the City. Kiss and Tell*, bls. 37.

⁸⁸ *Sex and the City*, „The Baby Shower“ (1:10).

brúðkaupið hvíslar hún í eyra Carrie: „Það er alltaf betra að giftast einhverjum sem elskar þig meira en þú hann.“⁸⁹ Carrie veltir því fyrir sér hvort allir í Manhattan séu að setta sig við málamiðlanir. Að þessu leyti komu þættirnir með ferskt viðhorf í umræðuna um líf einhleypna og mögulega annað sjónarhorn á þá sem eru giftir.

Ashley Nelson segir í greiningu sinni á þáttaröðinni að bandarískt samfélag hafi fagnað skvettunni (e. *flapper*) og einnig hinni „góðu, góðu Gibson stúlku“ en sú hugmynd sé alltaf ráðandi í samfélaginu, að líf einhleypu konunnar sé aðeins stutt stopp á leiðinni að altarinu.⁹⁰ Þetta sé millibilsástand því að ætlunin sé alltaf að þær gifti sig og það sé takmarkið.⁹¹ Þessu er öðruvísi farið í *Sex and the City* þáttaröðinni þar sem líf einhleypu konunnar birtist sem innihaldsríkur lífstíll, hugmyndafræði og jafnvel trúarbrögð, líkt og kemur fram í þættinum „Oh Come All Ye Faithful“ þar sem Carrie spyr: „Eru sambönd trúarbrögð tíunda áratugarins?“ Hún kemst að því í þættinum eftir að hafa slitið sambandinu við Mr. Big (Chris Noth), að hún eigi

⁸⁹ *Sex and the City*, „The Turtle and the Hare“ (1:9).

⁹⁰ „Gibson“ stúlkan var bandarísk efri-miðstéttarkona á síðari hluta 19. aldar og á fyrsta áratug 20. aldar. Hún var fögur, klæddi sig alltaf í samræmi við tilefnið og hegðaði sér á viðeigandi hátt. Hún var ekki kvenréttindakona eða sýndi pólitík áhuga en gat verið vel menntuð. Hún þótti sjálfri sér næg, var sjálfstæð og sóttist eftir innri fullnægju, auk þess sem hún setti ákveðin viðmið fyrir bandaríska fegurðarstaðla. Skvettan var fyrirmynd bannáranna í Bandaríkjunum, partý-stelpa sem er skemmtanasjúk, óheft, áhyggjulaus og einhleyp. Grannir fatur hennar, mjóar mjaðmirnar og flöt brjóstin þóttu til fyrirmyndar, en skvettan var stráksleg í vextinum og laus við þær mjúku línur sem svo oft hafa þótt prýði á kvenfólki. Sjá t.d. Ashley Nelson, „Sister Carrie meets Carrie Bradshaw“, bls. 85; og Cheryl Brown Travis, Kayce L. Meginnis og Kristin M. Bardari, „Beauty, Sexuality, and Identity. The Social Control of Women“, *Sexuality, Society, and Feminism*, ritstj. Cheryl Brown Travis og Jacquelyn W. White, Washington, DC, 2000, bls. 237–272, hér bls. 244–245. Robert C. Allen ræðir bandarísku leikkonuna Joan Crawford sem helsta fulltrúa skvettunnar í Hollywood í greininni „Hlutverk stjórnunar í kvikmyndasögunni [Joan Crawford]“, þýð. Alda Björk Valdimarsdóttir, *Kvikmyndastjórnur*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2006, bls. 155–181, hér bls. 165.

⁹¹ Í grein Koeing, Zimmerman, Hadock og Banning, „Portrayals of Single Women in the Self-Help Literature“, benda þau á að það sé enn ríkjandi skoðun að hjónabandið tryggi best tilfinningalega, kynferðislega og félagslega fullnægju og að þessir fordómar gagnvart einhleypum liti jafnvel rannsóknarsviðið þar sem veruleiki einhleypna sé enn vanrækt greiningarefni í félagsvísindum á þeim tíma sem greinin var skrifuð. Sjá Jennifer Koeing, Toni Schindler Zimmerman, Shelley A. Hadock og James H. Banning, „Portrayals of Single Women in the Self-Help Literature“, *Journal of Feminist Family Therapy* 4/2010, bls. 253–274, hér bls. 253 og 255. Alda Björk Valdimarsdóttir fjallar um kenningar Koeing o.fl. í *Jane Austen og ferð lesandans*, bls. 328–331.

sér trú, trú á sig sjálfa og þá trú að hún muni „einn daginn hitta einhvern sem sé viss um að hún sé sú eina rétta.“⁹² Þættirnir grafa þó undan þeim skilaboðum að hinn eini rétti sé til en leitast við að sýna fram á að líf þeirra einhleypu sé eftirsóknarverðari lífstíll sem snýst að einhverju leyti um að vera ung, fögur og kynþokkafull kynvera.

Nelson heldur því fram í grein sinni að lengi vel hafi konur sem gáfu ekki upp djammútímann eða skvettutímann (um þrítugt) verið dæmdar barnalegar, þrjóskar, sjálfsselskar, aumkunarverðar og jafnvel óþjóðræknar (e. *unpatriotic*). Í ársritinu *Farmers Almanac* frá 1869 voru slíkar konur kallaðar „rýr varningur“ og árið 1920 sagðar vera: „kvenleg afurð sem er sóað; grimmar og eyðandi mannverur.“ Theodore Roosevelt forseti sagði þær vera svokallað „kynþáttasjálfsmorð“.⁹³ Margt bendir til þess að fordómur í garð einhleypu konunnar séu þrálátur samfélagslegur kvilli og að samtíminn sé enn að glíma við afleiðingar af þeirri kröfu kvenna að þær eigi að giftast og eignast börn. Þáttaröðin svarar slíkum viðhorfum af krafti og gefur til kynna að einhleypar konur sem eigi góðar vinkonur sakni einskis, hafi það betra en eiginkonur eða húsmæður, séu frjáltsari, klárari, flottari og hamingjusamari.

Sú ákvörðun konu að velja að vera sinn eigin „herra“ og sjá fyrir sér sjálf hefur oft leitt til þess að það fara af stað dylgjur um kynferði hennar. Margir sjá einnig opna kynferðislega hegðun kvenna sem birtingarmynd lágkúru.⁹⁴ Ef þær eru of kynferðislegar kemur það í veg fyrir að þær eignist góðan mann. Hér má minna á persónuna Edie Britt (Nicollette Sheridan) í sjónvarpsþáttaröðinni *Desperate Housewives* en þar er sjónarhorninu snúið við því að áhorfandinn heyrir fyrst og fremst sögur húsmóðurinnar í stað einhleypu konunnar sem passar þá ekki inn í samfélag vinkvennana og er útilokuð, smánuð og skilgreind sem kynferðislega óheft og hættuleg.⁹⁵

Sex and the City þáttaröðin er gagnrýnin á hugmyndir um kynferðislegu eða einhleypu konuna. Aldamótafemínistarnir einblíndu í auknum mæli á

⁹² *The Sex and the City*, „Oh Come All Ye Faithful“ (1:12).

⁹³ Sjá Ashley Nelson, „Sister Carrie meets Carrie Bradshaw exploring progress, politics and the single woman in *Sex and the City* and beyond“, bls. 85. „They were labelled ‚diminished goods‘ in a *Farmer’s Almanac* of 1869; ‚waste products of our female population ... vicious and destructive creatures‘ by a 1920s-era critic; and accused of nothing less than ‚race suicide‘ by President Theodore Roosevelt.“

⁹⁴ Imalda Whelehan, *The Feminist Bestseller. From Sex and the Single Girl to Sex and the City*, New York: Palgrave Macmillan, 2005, bls. 40.

⁹⁵ Sjá *Desperate Housewives* (2004–2012), framleiðandi Mark Cherry, sjónvarpsstöð: ABC Studios, leikarar, Eva Longoria, Teri Hatcher, Marcia Cross og Felicity Huffman.

vald kvenna og sögðu að því ætti að fagna. Þættirnir taka upp þetta sjónarhorn og fjalla um það áhyggjuefni samtímans að framakonan velji það að eignast ekki börn.⁹⁶ Í þessum skilningi eru þættirnir að bregðast við viðhorfum sem Susan Faludi gerði að rannsóknarefni sínu strax á tíunda áratugnum og koma með nýtt og ferskt viðhorf til einhleypu konunnar. Leiknonan Kristin Davis sem leikur Charlotte segir:

Þættirnir snúast í raun um menningarlega hreyfingu sem við áttuðum okkur ekki á í upphafi. Okkar kynslóð og þær konur sem koma á eftir alast upp við valkosti. Við þurfum ekki að giftast á ákveðnum aldri, við getum verið framakonur ef við svo kjósum. Mæður okkur höfðu ekki þetta val þegar þær ólust upp [...]. Svo ég held að þættirnir snúist um þetta val og um það að geta skapað þitt eigið líf eins og þú vilt hafa það.⁹⁷

Í þættinum „All or Nothing“ er tekist opinskátt á við þá spurningu að konurnar standi frammi fyrir vali. Eiga þær að velja sér maka og giftast eða velja þær að vera einhleypar áfram og vera þannig hluti af vinkvennahópnum? Samantha er líklega jákvæðasta persóna þáttanna og sú sem stendur næst boðskap þáttaraðarinnar. Hún stendur yfirleitt fyrir það sem þættirnir virðast miðla og lætur í ljós ráðandi viðhorf þeirra. Hún segir til að mynda við vinkonur sínar: „Við höfum fengið allt, frábærar íbúðir, frábæra vinnu, frábæra vini, stórkostlegt kynlíf [...]. Á mínum aldri var móðir mín búin að koma sér fyrir með þremur börnum og drykkjusjúkum eiginmanni.“ Carrie segir: „Þú átt aðeins þrjá drukkna vini“ og Samantha svarar: „ég vel það.“ Carrie stendur í þessum tiltekna þætti frammi fyrir valinu um það hvort hún eigi að velja hinn kvænta Mr. Big eða Aiden sem virðist vera fullkominn maki. Valið ætti að vera augljóst en Carrie sem heldur við Mr. Big, getur ekki gert upp hug sinn. Hún skrifar í pistli: „Er það mögulegt að við séum svo spillt vegna valkosta að við getum ekki lengur valið. Hefur Samantha rétt fyrir sér? Getum við eignast allt?“⁹⁸

Þættirnir gefa til kynna að líf með maka sé óáhugavert líf, það sé lífvana, andlaust, ávísun á óhamingju, framhjáhöld og svik, þar sem frama og raunverulegum þroska sé fórnað. Þótt líf hinnar einhleypu framakonnu sé ekki fullkomið sé það skárri valkostur, sérstaklega ef hún er einnig grönn, kyn-

⁹⁶ Sjá t.d. bók Susan Faludi, *Backlash. The Undeclared War Against American Women*.

⁹⁷ Amy Sohn, *Sex and the City. Kiss and Tell*, bls. 44.

⁹⁸ *Sex and the City*, „All or Nothing“ (10:3).

þokkafull, á peninga og góðar vinkonur. Gefið er til kynna að gifta konan fyrirlíti líf einhleypu konunnar en finnist það um leið eftirsóknarvert vegna þess að hjónabandið fullnægi henni ekki. Í þættinum „Bay of Married Pigs“ segir ein gifta konan: „Sumt fólk velur, eins og ég, að vaxa úr grasi, horfast í augu við raunveruleikann og gifta sig. Aðrir velja hvað? Að lifa innantómu, hrellandi lífi, vanþroskaðra unglingsára?“⁹⁹ Þessum orðum er beint til vinkvennanna fjögurra en þættirnir taka ekki undir þetta viðhorf. Þeir liggja miklu nær heimspeki Samönthu sem svarar: „Þetta er í fyrsta sinn í sögu Manhattan sem konur hafa haft jafn mikla peninga og völd og karlar auk þess að hafa sömu forréttindi til að koma fram við karla eins og þeir séu kynferðisleg viðföng.“¹⁰⁰ En slík hugsun kjarnar að mörgu leyti hugmyndafræðilega áherslu þáttanna og þess samtíma sem þeir rísa úr.

Pví má svo velta fyrir sér hvort vinkonurnar séu raunverulega að leita að ástinni eða hvort stefnumótalífið sé lífstíllinn sem þær kjósa sér. Eru þær að leita sér að maka eða velja þær að vera einhleypar og leita að rúmfélögum? Í þáttunum er efast um gildi hjónabandsins, sérstaklega fyrstu þrjú árin. Samantha segir við Carrie þegar þær eru í partyi þar sem eru eingöngu gift pör: „Ef þú breytist í þessu giftu drullusokka þá drep ég þig.“¹⁰¹ Þörin í partyinu virðast ekki jafn skapandi, líta ekki eins vel út og lifa ekki jafn áhugaverðu lífi og vinkonurnar fjórar heldur er þau fremur dauflæg og búa yfir takmörkuðum lífskrafti.

Þættirnir gefa til kynna að langtímasambönd gangi ekki upp. Það vantar ástríðu í samband Carrie og Aidan Shaw (John Corbett), það er of mikil ástríða í sambandi Mr. Big og Carrie og of lítil skuldbinding. Aiden er of mjúkur á meðan Mr. Big er of hræddur við sambönd. Charlotte og Trey MacDougal (Kyle MacLachlan) giftast út af félagslegri pressu og það fer illa. Samband Miröndu og Steve Brady (David Eigenberg) gengur heldur ekki alveg upp en mögulega samþykkja áhorfendur að þau giftist. Þegar Charlotte giftist Trey segir Samantha: „Hjónaband tryggir ekki hamingjusaman endi. Aðeins endi.“¹⁰² Dæmin sem þættirnir taka sýna að flest langtímasambönd eru mislukkuð, þeir sem eru giftir virðast óhamingjusamir og hafa það verra en einhleypu konurnar fjórar. Misheppnuð hjónalíf eru viðfangsefni þáttanna eins og sjá má á meingölluðum hjónaböndum Mr. Big, en einnig á hjónabandi Charlotte og Trey en brúðkaup þeirra var uppfylling

⁹⁹ *Sex and the City*, „Bay of Married Pigs“ (1:3).

¹⁰⁰ Sama heimild.

¹⁰¹ *Sex and the City*, „Valley of Twenty-Something Guys“ (1:4).

¹⁰² *Sex and the City*, „Don't Ask Don't Tell“ (3:12).

fantasíu hennar, svokallað prinsessubrúðkaup. Charlotte skýtur sig í fótinn þegar hún ætlar að bíða með kynlíf með Trey þar til eftir giftinguna því hún áttar sig of seint á því að hann á við risvandamál að stríða: „Hver vill verða hrein mey aftur?“ spyr Carrie hana í því samhengi. „Það er nógu vont í fyrsta skiptið.“¹⁰³ Carrie tekur því undir það sjónarhorn þáttanna að það sé heimskuleg ákvörðun að stunda ekki kynlíf áður en þú gengur í hjónaband.

Það gefur líklega augaleið að þættir sem bera orðið kynlíf í heiti sínu snúist að talsverðu leyti um kynvitund og kynlífsiðkun en strax í fyrsta þætti þáttaraðanna heita vinkonurnar því að varpa af sér oki kvenþjóðarinnar og fara að stunda kynlíf eins og karlar.¹⁰⁴ Þessi áhersla er sérstaklega ráðandi framan af en í fimmtu og sjöttu þáttaröð færist áherslan meira yfir á hjónabönd og barneignir. Þættirnir fjalla berort um hluti sem áður áttu ekki erindi inn í afþreyingarmeninguna, sérstaklega sjónvarp.¹⁰⁵ Töluverð umræða er til dæmis um það hvort titrarar geti komið í stað karlmanna. Í fyrstu þáttaröðinni hættir Charlotte að hitta vinkonur sínar vegna þess að hún verður háð titrara sem er kallaður „the Rabbit“. Dildómódel kemur einnig við sögu í þáttunum þegar vinkonurnar fara til Los Angeles í þriðju seríu og húshjálpi Miröndu felur víbratorinn hennar því enginn karl muni vilja giftast henni ef hún notar hann: „Þetta merkir að þú þarft ekki á honum [karlinum] að halda.“¹⁰⁶ Þannig varpa þættirnir fram spurningum um karlmennskuna og hvort karlmennskan sé mögulega komin í þrot. Karlarnir virðast ekki geta fullnægt konum, hvorki líkamlega né andlega, hvorki sem elskhugar né sem lífsförunautar.

¹⁰³ *Sex and the City*, „The Big Time“ (3:8).

¹⁰⁴ *Sex and the City*, „Sex and the City“ (1:1).

¹⁰⁵ Rætt er um alls kyns kynlífstengdar uppákomur svo sem flengingar (1:6), trekanta (1:8 og 2:16), titrara (1:9 og 5:6), fótafíkn (2:12), sadómasókisma (2:12), sýniþörf (2:12), blæti sem tengjast þvaglátum (e. *golden shower*; 3:2), nektarljósmyndir (4:2), endaparmssleikingar (4:6), og kynlífsmyndbönd (6:17), ekki síður en vandamál tengd endaparmsmökum (1:4), bráðasáðláti (2:15), limstærð (2:18), bragðgæði sæðis (3:9), getuleysi (3:13), eða einfaldlega því að verða eldri (6:12). Þarna er líka rætt um klámmeyslu (2:6) og klámvæðingu (3:14), viagra-át (2:8) og dildómódel (3:13), spurningar sem tengjast umskurði karla (2:9) og óttann við kynsjúkdóma (3:6) og alnæmi (3:11). Krabbamein í eistum (4:9), þungunarrof (4:11) og brjóstakrabbamein (6:14) eru einnig viðfangsefni. Síðast en ekki síst er opnað fyrir umræðu um tvíkyhneigð (3:4) og samkyhneigð (4:3), dragdrottningar (2:9) og dragkóngar (3:4) eru umfjöllunarefni, auk þess sem sagt er frá hópi vændiskvenna sem farið hefur í kynleiðréttingu (3:18).

¹⁰⁶ *Sex and the City*, „The Turtle and the Hare“ (1:9); „Attack of the Five Foot Ten Woman“ (3:3).

Lögð er áhersla á sjálfstæði kvennanna gagnvart þeim körlum sem þær eru að hitta. Charlotte virðist gera mistök í fjórðu þáttaröðinni þegar hún gefur upp vinnuna sína sem listaverkasali til þess að sinna heimilinu og réttlætir það í nafni þess að þetta sé hennar val. En Charlotte er líklega sú persóna sem stendur fjærst söguhöfundi eða söguvitund þáttanna, vinkonurnar tala niður til hennar, gera stanslaust grín að henni og draumum hennar. Þættirnir standa ekki með þeim ákvörðunum sem Charlotte tekur. Hún er ekki jafn frjáls, sjálfstæð, fyndin og sniðug og stallsystur hennar.

Í sömu þáttaröð hefur Carrie aftur tekið saman við Aiden og upplifir sig sem svokallaða dauðvona brúði sem grefur enn frekar undan hugmyndinni um að hamingjuna sé að finna í hjónabandi. Sambandið við Aiden veldur því að líkami hennar bregst við eins og hann sé veikur. Hann hafnar bæði hringnum frá Aiden, en hún gubbar þegar hún sér hann óvart, og svo fær hún útbrot þegar hún mátar brúðarkjól. Það verður henni tilefni til íhugunar:

Þrátt fyrir að samfélag okkar virðist framsækið þá má enn þá sjá ákveðin markmið sem ætlast er til að við fylgjum, hjónaband, barn-eignir og að eignast þitt eigið heimili. En hvað ef útbrot brjótast fram í staðinn fyrir brot? Er eitthvað að kerfinu eða ert það þú? Og viljum við í raun og veru þessa hluti, eða erum við bara forrituð?¹⁰⁷

Þættirnir gefa til kynna að þetta sé síst af öllu það sem sjálfstæð og frjáls kvenhetja eins og Carrie vill gera, að gifast og eignast börn. Viðbrögðin við hringnum og kjólnum sanna það. Að vissu leyti gæti líkamlega ástandið líka snúist um ástina, dregið skýrt fram að þetta sé ekki maður sem hún vilji giftast. En ef samhengi þáttanna er haft í huga er alltaf eitthvað að samböndum, samfélaginu eða körlum. Það virðast ekki til neinir karlar sem mæta konum á sama innihaldsríka máta og vinkonurnar gera. Þeir eru ekki eins áhugaverður félagsskapur og frelsið er of dýrmætt.

Þættirnir varpa ljósi á að sambönd kvenna við karla eru svo flókin að þau ganga varla upp. Börn sjást nánast ekki í þáttunum og engin af aðalsöguhetjunum sýnir börnum nokkurn áhuga nema persónan Charlotte sem þættirnir líta hornauga. Miranda eignast barn í fimmtu þáttaröð. Hún hefur efni á því að ráða barnfóstru og er því í sérstöðu. Hún virðist ekki hafa neinn tíma með barninu sínu en þættirnir gera lítið úr því vandamáli og þykjast leysa það. Lögð er áhersla á að Miranda muni ekki verða dæmigerð móðir sem tali ein-

¹⁰⁷ *Sex and the City*, „Change of Dress“ (4:15).

vörðungu um barnið sitt: „hún ætlar sér ekki að verða ein af þeim mæðrum sem ekki geta haldið uppi fullorðins samræðum.“¹⁰⁸ Lýsingin kallast á við leiðinlegu mæðurnar í þættinum „The Baby Shower“ sem vinkonurnar heimsækja sér til mikillar mæðu. Kannski má sjá ákveðna íhaldssemi í því að Miranda giftist Steve, manni sem hún hefur ekki mikinn áhuga á og mögulega giftast þau vegna þess að þau eiga barn saman. Og þegar drengurinn er orðinn næstum fullorðinn í framhaldsþáttunum *And Just Like That*, leyfir hún sér að stofna til ástarsambands með hinu spennandi Che Diaz sem kollvarpar lífstíl sem er orðinn venjubundinn og andlaus.

Joanna di Mattia leggur áherslu á það í grein sinni „What’s the harm in believing“ að *Sex and the City* þættirnir varpi ljósi á ómöguleika þess að skilgreina hinn eina rétta á pósthfémínískum tíma.¹⁰⁹ Í þessum anda má benda á orð Carrie sem á öðru ári þáttaraðarinnar varpar fram eftirfarandi spurningu: „Er mögulegt að trúa á ást við fyrstu sýn í borg sem er jafn kaldhæðin og New York?“¹¹⁰ Di Mattia segir að í annarri bylgjunni hafi sú skoðun verið ráðandi að ævintýraprinsinn tilheyri karlveldinu og sé skapaður til að gera konur óvirkar og viðkvæmar og hann hafi átt að bjarga þeim. Nútímalegar konur hafi hins vegar brotist undan þessari ánaud og þurfi ekki lengur á honum að halda til þess að gera hinn hamingjusama endi mögulegan.¹¹¹

Sex and the City snýst öðrum þræði um það hvort nauðsynlegt sé að trúa á hinn eina rétta? Er hugmyndin skaðleg eða fölsk? Þættirnir sýna heim þar sem leiðin að altarinu er orðin ófær og skýringin sem þeir bjóða upp á virðist vera sú að karlar viti ekki til hvers er ætlast til af þeim bæði í opinberum hlutverkum og í einkalífínu. Hin sjálfstæða, orðheppna, kynferðislega frjálsa kona gerir það að verkum að erfðara er orðið að skilja í hverju karllæg forysta felst og hún þarfnast því endurskilgreiningar.¹¹²

Protabú karlmennskunnar

Í pósthfémínískum frásögnum virðist karlmennskan stundum komin í þrot. Kvenhetjuna dreymir ekki lengur um að vera tekin með valdi, vera bjargað af karlhetjunni og draumurinn um hina eina sönnu ást er orðinn fjarlægur

¹⁰⁸ *Sex and the City*, „Anchors Away“ (5:1).

¹⁰⁹ Joanna di Mattia, „What’s the Harm in Believing?“. Mr Big, Mr Perfect, and the Romantic Quest for *Sex And the City’s* Mr Right“, *Reading Sex and the City*, bls. 17–32, hér bls. 17.

¹¹⁰ *Sex and the City*, „The Chicken Dance“ (2:7).

¹¹¹ Joanna di Mattia, „What’s the Harm in Believing?“, bls. 17–18.

¹¹² Joanna di Mattia, „What’s the Harm in Believing?“, bls. 18.

og tilheyrir ekki raunsönnum veruleikanum. Þrátt fyrir að Carrie daðri við hugmyndina um hinn eina sanna þá er Mr. Big svo gölluð karlhetja að hann getur varla mætt löngunum hennar. Í fyrsta þættinum er viðfangsefnið að einhverju leyti lagt upp í spurningu Carrie: „Erum við svona kaldhæðnar? Hvað um rómantíkina?“¹¹³ Carrie vill ekki tapa frelsi sínu og langar ekki í börn. Í fimmtu þáttaröðinni er hún spurð að því af ritstjórum bókar sem hún er að fara að gefa út, hvort Carrie sé bjartsýnskona eða svartsýnskona. Hún getur ekki svarað spurningunni en skrifar: „Hvað gerist þegar raunveruleikinn lætur högginn dynja á því sem þú trúir á og ástin, ólíkt því sem okkur er lofað, sigrar ekki allt.“¹¹⁴ Trúir Carrie yfirhöfuð á ástina? Hún veltir ástinni mikið fyrir sér og á mótsagnakenndan hátt gefa þættirnir til kynna að Mr. Big sé ástin í lífi hennar og rétti makinn fyrir hana. En þeir gefa þó á endanum ekki mikið fyrir langtímasambönd, hjónabönd eða fjölskylduna. Og þótt kynferðisleg ást skipti máli er hún ekki lengur grundvöllurinn að hamingju.

Í þáttunum má sjá ákveðna spennu á milli þess að trúa á hinn eina rétta og að gera grín að því að hann sé til. Einnig er mögulega til staðar vonin um að það sé þess virði að leita að ástinni og skuldbinda sig henni um leið og þættirnir grafa undan hugmyndinni um að ástarsambönd geti gengið upp. Það er spurning hvort framsetningin á Mr. Big sé að hluta til írónísk, hvort að sú staðreynd að hann er helsta ástarviðfang Carrie beri vitni um að konur séu enn þá undir áhrifum af hefðbundnum vinsælum ástarsögum. Mr. Big minnir um margt á hefðbundna karlhetju úr vinsælum ástarsögum, hann er hrokafullur, valdsmannslegur og yfirgangssamur ásamt því að vera hávaxinn, dökkur yfirlitum og myndarlegur.¹¹⁵ Hann fer illa með kvenhetjuna, fer á stefnumót með öðrum konum, giftist annarri konu, skuldbindur sig ekki og mætir síðan ekki í sitt eigið brúðkaup, en samt sem áður heldur hún áfram að elska hann.¹¹⁶ Þrátt fyrir slæma hegðun sína er Mr. Big að mörgu leyti hafinn

¹¹³ *Sex and the City*, „Sex and the City“ (1:1).

¹¹⁴ *Sex and the City*, „Unoriginal Sin“ (5:2).

¹¹⁵ Sjá umfjöllun um ástarsögur t.d. í bók Öldu Bjarkar Valdimarsdóttur, *Jane Austen og ferð lesandans*, bls. 100–131. Sjá einnig Dagný Kristjánsdóttir, „Ást á grænu ljósi. Fjöldaframleiddar ástarsögur hafa aldrei verið vinsælli!“, *19. júní*, 51: 2002, bls. 42–47, hér bls. 45. Dagný ræðir persónueinkenni ástarsagnakvenhetjunnar í grein sinni og segir eftirfarandi: „Fyrst virkar hann mjög hrokafullur, hann kemur fram eins og karlremba, jafnvel kvenhatari og er oft verulega andstyggilegur, jafnvel beinlínis sadískur við söguhetju okkar á þeirra fyrsta fundi.“

¹¹⁶ Sjá m.a. *Sex and the City*, „The Monogamist“ (1:7); „Attack of the 5’10 Woman“ (3:3); og *Sex and the City. The Movie* (2008). Leikstj. Michael Patrick King, Leikarar:

upp sem rómantískt viðfang og sá eini rétti, sem stingur í stúf við þá sýn þáttanna og kvikmyndanna tveggja að sambönd fyrir lífstíð gangi aldrei upp.

Það er líka vísbending um rómantíska stöðu Mr. Big í þáttunum að hann rammur þáttaröðina inn, því að hann kemur fyrir í upphafsþætti fyrstu þáttaraðar og lokaðætti þeirrar sjöttu og síðustu þegar frásögninni lýkur á því að hann eltir Carrie til Parísar og gengst við tilfinningum sínum til hennar. Það er Samantha sem bendir Carrie á Mr. Big í fyrsta þættinum og kynnir hann sem næsta Donald Trump, nema bara yngri og mun myndarlegri. Mr. Big er 43 ára, fráskilinn, Wall Street viðskiptaauðjofur með einkabílstjóra og flotta piparsveinsíbúð í finasta hverfi borgarinnar. Sögupersónan John James Preston er tíður gestur í þáttaröðinni en nánast undantekingarlaust er aðeins vísað til hans sem Big og nafnið hefur fallíska merkingarauka. Það vísar til hæðar hans, ríkidæmis, félagslegrar stöðu og kynferðislegra yfirburða. Þessi maður er stóra ástin í lífi Carrie en einnig stóra vandamálið.¹¹⁷ Lögð er áhersla á það hversu smá Carrie finnst hún vera þegar hún hittir Big í tiskusýningar-partýi, en umræddur þáttur snýst um karlmenn sem hrífast af módelum: „Mér hefur aldrei fundist ég vera jafn ósýnileg allt mitt líf“ viðurkennir hún en játningin vekur upp spurningar um það hvers vegna þessari annars sterku og sjálfstæðu konu finnst hún vera einskis virði nærri þessum manni sem hún dregst svona að.¹¹⁸ Þátturinn snýst um spurningar um fegurð og sanna ást. Þegar Big eltir hana inn á kaffihús viðurkennir hann að það séu margar stórglæsilegar konur í Manhattan en: „eftir smá tíma þá viltu bara vera með þeirri sem fær þig til að hlæja.“ Þannig má sjá að hann er líka settur í há-rómantískt samhengi en hann er augljóslega líka tælari sem kann að segja það rétta á réttum augnablikum. Sagan af því þegar Carrie hittir Big er sett í ávintýrlegt samhengi af söguröddinni sem túlka má sem hugleiðingu Carrie í pistlum sínum: „Einu sinni fyrir langa löngu, í konungsríki langt í burtu, héldu ákveðinn maður og minna ákveðin kona, áfram að rekast á hvort annað. Þau virtust hittast alls staðar – á götuhornum, í partýjum. Það var næstum eins og þau væru á ófyrirséðum stefnumótum.“¹¹⁹ Carrie er í hálf gagnsæjum kjól á fyrsta raunverulega stefnumóti þeirra og gefur sig á vald ástríðunni. Sem kynferðislegt viðfang verður Big að stjórnlausu fikni-fni í lífi hennar.

Þættirnir grafa því í raun undan hugmyndinni um ást sem leið til lífs-

Sarah Jessica Parker, Kim Cattrall, Kristin Davis og Cynthia Nixon.

¹¹⁷ Sjá Joanna di Mattia, „What’s the Harm in Believing?“, bls. 20.

¹¹⁸ *Sex and the City*, „Models and Mortals“ (1:2).

¹¹⁹ *Sex and the City*, „Valley of the Twenty-Something Guys“ (1:4).

fyllingar og fjölskyldunni sem fyrirbæri. Samfélagsformgerðin sem byggir á hjónabandi og fjölskyldulífi er að leysast upp. Líklegt er að hugmyndin um Big sem fulltrúa eittraðrar karlmennsku eigi eftir að dýpka nú þegar nafn Chris Noth sem kynferðislegs rándýrs er bundið stjórnuímynd hans. Nýverið stigu fimm konur fram og ásökuðu leikarann um kynferðislegt ofbeldi, nauðgun, áreitni og hótanir um að eyðileggja feril þeirra ef þær segðu frá.¹²⁰ Þessar ásakanir munu án efa lita ímynd Mr. Big í þáttunum og kvikmyndum og draga enn frekar fram þá túlkun að hann sé karl sem kemur illa fram við Carrie og aðrar konur. Carrie sé því undir áhrifum af ástarsagnagreininni (e. *romance*) þegar hún afsakar hrottalega hegðun karlhetjunnar með þeirri útskýringu að um óttablandna ást eða þrá sé að ræða.¹²¹ Ef frásagnir kvennanna um meint brot Noth eru hafðar í huga verður Mr. Big ekki stóra ástin eða stóra vandamálið, heldur fremur stóri misnotarinn.

Imalda Welehan bendir á það í bók sinni *The Feminist Bestseller* að í seinni hluta seríunnar fari myrka hliðin á „raunverulegu“ lífi að koma fram. Samantha fái krabbamein, Charlotte glími við ófrjósemi, Miranda kynnist álaginu við að ala upp ungt barn og Carrie reyni af örvæntingu að láta samband hennar og Big ganga upp. Konurnar séu orðnar raunamæddar og aðeins of gamlar til þess að vera úti í hringiðunni.¹²² Það er því spurning hvort hin ferska, einhleypa og frjálsa kona fyrstu árána verði örlítið þreytt. Í þessu samhengi má minna á upphafið að sögu Edith Wharton, *The House of Mirth* þegar söguhetjan Lily Bart útskýrir erfða stöðu sína fyrir vini sínum Selden og segir við hann: „Ég hef verið hér viðloðandi of lengi – fólk er byrjað að vera þreytt á mér, þeir eru farnir að segja að ég ætti að gifta mig.“ Selden spyr hana: „Er ekki hjónabandið köllun þín? Er það ekki hluti af uppeldi ykkar?“ Lily dæsir og svarar: „Ég geri ráð fyrir því. Hvað höfum við annað?“¹²³

¹²⁰ Sjá t.d. Elizabeth Wagmeister, „Chris Noth Accused of Sexual Assault by a Fifth Woman“, *Variety*, 23. desember 2021, sótt 1. mars 2022 af <https://variety.com/2021/tv/news/chris-noth-sexual-assault-allegations-gloria-allred-sex-and-the-city-beverly-johnson-1235142754/>.

¹²¹ Um lesendur ástarsagna sjá Janice A. Radway, „Woman Read the Romance“, *Women and Romance. A Reader*, New York: New York University Press, bls. 327–330.

¹²² Imelda Whelehan, *The Feminist Bestseller. From Sex and the Single Girl to Sex and the City*, bls. 207.

¹²³ Edith Wharton, *The House of Mirth*, London: Wordsworth Editions, 1997, bls. 8: „I’ve been about too long – people are getting tired of me, they are beginning to say I ought to marry.“; „Isn’t marriage your vocation? Is it not what you’re all brought up for?“ „I suppose so. What else is there.“

Niðurlag

Þrátt fyrir að viðfangsefni þátta á borð við *Sex and the City* sé sjálfstæða, sterka konan í nútímasamfélagi sem getur fengið flest allt sem hugurinn girnist, þá gefa þeir einnig til kynna að konan leiti enn þá að hinni einu sönnu merkingu í langtímasamböndum. Þó virðast hjónaböndin draga úr þeim krafti og sjálfstæði sem líf hins einhleypa býður upp á og það virðist varla eftirsóknarvert líkt og sjá má svo greinilega í framhaldsþáttunum *And Just Like That*. Charlotte virðist vissulega hamingjusamlega gift en hún hefur gefið upp ferilinn sinn og er „aðeins“ húsmóðir. Það er vissulega ekki fordæmt í þáttunum og lítil áhersla er lögð á að hún sé menntuð kona með bakgrunn í listfræði.¹²⁴ En Charlotte hefur aldrei verið sú rödd sem mótar sjónarhorn þáttanna líkt og áður hefur komið fram. Miranda hefur einnig þegar hér er komið sögu gefið upp sinn feril sem lögfræðingur og er ekki hamingjusöm í sínu hjónabandi. Sjálfsmynd Carrie er fyrst og fremst bundin við það að hún er nýorðin ekkja og ekki er lögð mikið áhersla á starfsferil hennar þótt hann sé vissulega til staðar. Þrátt fyrir vandamál kvennanna búa framhaldsþættirnir til sömu kvenlegu útópíuna eða fantasíuna og sjá má í *Sex and the City* sem felst í því að konurnar standa enn saman sem gerir það að verkum að þær geta mætt erfiðleikum sterkari og vitrari. Það er spurning hvort slíkir þættir séu að bregðast við samfélagslegri ógn eða þeim kvilla í nútímanum sem er einmanaleiki.

Í könnun frá 2011 kemur fram að í Bandaríkjunum hafi meðaltalið á fjölda náinna vina farið frá því að vera þrír niður í tvo.¹²⁵ Og í könnun frá 2021 kemur fram að Bandaríkjamenn séu meira einmana en þeir voru fyrir þrjátíu árum og treysti minna á vini sína þegar kemur að andlegum stuðningi.¹²⁶ Það hefur einnig komið fram í könnunum að konur séu sá hópur sem hafi sérstaklega fundið fyrir því að vinahópurinn sé að minnka.¹²⁷ Það er því mögulegt að þættir á borð við *Sex and the City* sem lýsa mikilli og náinni

¹²⁴ *And Just Like That* ... „Some of my Bests Friends“ (1:4).

¹²⁵ Jeanna Bryner, „Close Friends Less Common Today, Study Finds“, *LiveScience*, 4. nóvember 2011, sótt 1. mars 2022 af <https://www.livescience.com/16879-close-friends-decrease-today.html>.

¹²⁶ Nathan Place, „Americans Have Fewer Friends Than Ever. Survey Shows“, *The Independent*, 26. júlí 2021, sótt 1. mars 2022 af <https://www.independent.co.uk/life-style/americans-fewer-friends-survey-b1890794.html>.

¹²⁷ Daniel A. Cox, „The State of American Friendship. Change, Challenge and Loss“, *Survey Center on American Life*, 8. júní 2021, sótt 1. mars 2022 af <https://www.americansurveycenter.org/research/the-state-of-american-friendship-change-challenges-and-loss/>.

vináttu á milli kvenna, félagslegri og andlegri samstöðu séu annars vegar viðbrögð við því að konur í nútímalegu, kapítalísku umhverfi sem vinna alla daga ásamt því að hugsa um börn og fjölskyldu, nái ekki að rækta merkingarrík tengsl við vini sína. Þættirnir séu þannig útópísk kvennafantasía sem minni á mikilvægi vináttu kvenna í heimi sem enn er karlstýrður. Svo gæti hér einnig verið á ferðinni femínísk hugmyndafræði sem er öðrum þræði pólitísk og mögulegur undirbúningur fyrir fjórðu bylgjuna. Ef konur læra að standa saman, deila sögum, reynslu sinni og fá stuðning hver af annarri þá hafa þær öðlast möguleg tæki og tól til að „rífa niður hús húsbóndans“ eða jafnvel Playboy-setur hans.¹²⁸

ÁGRIP

Í greininni er farið yfir helstu kenningar í póstoffemínískum fræðum og leitast við að útskýra þær samræður sem fulltrúar slíkra hugmynda telja sig eiga í við fyrri kynslóðir og konur um aldamótin síðustu. Leitast er við að draga fram hvernig póstoffemínisminn er hluti af þriðju bylgju femínisma og hvernig hann sem slíkur hefur áhrif á fjórðu bylgjuna þrátt fyrir að hugmyndaheimur hans geti hljómað annarlega í ljósi aðgerðarstefnu metoo bylgjunnar. Jafnframt er dregið fram hvernig eitt af einkennum femínismans sé samræða og mótþrói við kynslóðina sem kemur á undan. Farið er sérstaklega í viðhorf stefnunnar til kynfrelsis kvenna, klámvæðing í poppmenningu er tekin fyrir og uppgjörið við Playboy kónginn Hugh Hefner. Þá er þáttaröðin *Sex and the City* greind með hliðsjón af kynvitund, kyngervi og viðhorfum til einhleypu konunnar um síðustu aldamót. Einnig er framhaldsþáttaröðin *And Just Like That ...* skoðuð með það í huga að bera saman ólík efnistösk þáttanna á daglegu lífi vinkvennanna á nýjum tímum.

Lykilorð: Póstoffemínismi, kynfrelsi, klámvæðing, *Sex and the City*, Hugh Hefner.

¹²⁸ „The master’s tool will never dismantle the master’s house“ sagði femínistinn og aktivistinn Audre Lorde á ráðstefnu femínista árið 1979. Lorde gagnrýndi kynþátta- og hinseginhatur innan femínisma hvítra kvenna og lagði áherslu á mismun okkar og fjölbreytni. Útilokun eigi sér stað innan fræðanna sem sé byggð á grundvelli „kynþáttar, aldurs, stéttar og kynferðis“. Svartir geti því ekki stuðst við kenningar sem hafi verið mótaðar af hvítum fræðimönnum og miði við þeirra reynslu og forréttindi. Sjá t.d. grein Lisu Bowleg, „The Masters’ Tool Will Never Dismantle the Master’s House“. Ten Critical Lessons for Black and Other Health Equity Researchers of Color“, *Health Education and Behaviour* 48: 3/2021, bls. 237–249, hér bls. 237.

ABSTRACT

**„Who Wants to Be a Virgin Again?“ Sexual freedom
and pornification in postfeminist discourse.**

This article examines how postfeminism positioned itself at the turn of the century in relation to earlier generations. Here it is viewed as a part of third wave feminism and can be seen as the foil for the more radical fourth wave and the activism of the MeToo movement. In this postfeminism is a good example of the way feminism is engaged in constant dialogue with the generation that comes before and often defiantly. Here special emphasis will be placed on the movement's view on the sexual freedom of women and the pornification of popular culture. The king of Playboy, Hugh Hefner, will be used as an example, as well as the TV-series *Sex and the City* which focused on female sexuality, questions of gender and ideas about the status of single woman at the turn of the century. Its sequel *And Just Like That ...* will also be analyzed in regards to the portrayal of female friendships in modern times.

Keywords: Postfeminism, sexual freedom, pornification, *Sex and The City*, Hugh Hefner.

ALDA BJÖRK VALDIMARSDÓTTIR

prófessor í almennri bókmenntafræði

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasvið

ÍS-102, Reykjavík, Ísland

alda@hi.is

